



# ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1995



ISSN 1021-108X





Elín S. Sigurðardóttir í Vesturbrúnum Esju. *Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon*



## Efnisyfirlit:

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Útilegumenn í Veðileysufirði  | 5  |
| Grímsvatnaför                 | 9  |
| Af skörpu klifri              | 14 |
| Klassískar leiðir             | 18 |
| Á slóðum Everest              | 22 |
| A-grænlenk þelamerkursveifla  | 25 |
| Buoux og aðrir heitir klettur | 29 |
| Þelabúnaður                   | 35 |
| Félagsstarfið                 | 41 |
| Fréttapístill                 | 43 |
| Ársskýrsla                    | 50 |
| Myndaopna                     | 52 |
| Lög Ísalp og ársreikningar    | 54 |

**Forsíðumynd:** Úr Dyrfjöllum  
Ljósm. Hallgrímur Magnússon

## Útgefandi:

Íslenski alpaklúbburinn  
— félag áhugamanna um fjallamennsku.  
Pósthólf 1054, 101 Reykjavík

## Ritnefnd:

Torfi Hjaltason, ábm. s. 5667094  
Tómas Grønvaldt Júlíusson, s. 5682883  
Hörður Magnússon, s. 5622919  
Jón Haukur Steingrímsson, s. 5543121  
Björn Vilhjálmsson, s. 5652834

## Próförk:

Salbjörg Óskarsdóttir, s. 5525069

## Tölvuumbrot á Calamus SL:

Torfi Hjaltason, Jón fær kærar þakkir fyrir  
góð ráð og aðstoð varðandi útlit.

## Filmuútteyrsla og litgreining:

Prentmet

**Prentun:** G. Ben / Edda

**Bókband:** Bókvirkið

*Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta eða  
breyta greinum sem birtast í Ársritinu.*



# ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

11. TÖLUBLAÐ  
NOVEMBER 1995

Kæru félagar,

Nú er ritnefnd loks búin að ná þeim árangri að Ársritið kemur út á réttu ári. Það hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig, þetta blað er t.d. búið að vera tilbúið að mestu leyti síðan í vor sem leið. Einungis lítið brot vantaði uppá; svo kom sumarið og það er engin leið að halda uppi starfi ritnefndar á sumrin. Það er reynsla fyrri ára. Ritnefndinni vil ég þakka fyrir framlag sitt sem gerði okkur kleift að ná svona í „skottið“ á okkur. Sérstaklega Salbjörgu sem dregur sig nú í hlé eftir áralangt og ósérhlífið starf. Það er nauðsynlegt að ritnefnd endurnýi sig annað lagið þó þannig að nýir nefndarmenn njóti góðs af reynslu þeirra sem lengur hafa starfað í nokkurn tíma. Einnhverjar breytingar koma því til að verða á skipan ritnefndar á næstunni og þá tekst væntanlega að endurhlaða „batteri“.

Fyrir skömmu bárust þær fregnir að þeir Hallgrímur Magnússon, Einar Stefánsson og Björn Ólafsson hefðu klifið fjallið Cho Oyu 8201m hátt. Þetta er hæsta fjall sem nokkur íslenskur fjallamaður hefur klifið til þessa. Glæsilegt afrek sem kemur til með að verða lyftistöng fyrir fjallamennsku hérlandis. Við óskum þeim til hamingju! Ferðinni verður vafalaust gerð betri skil í næsta blaði. Einnig ber að geta þess að Björn Baldursson náði þriðja sæti á sterku innanhússklifurmóti í Lillehammer nú á dögnum. Árni Gunnar Reynisson hafnaði í þrettánda sæti, keppendur í karlaflokki voru alls um sjöttu talsins. Þeir voru einu keppendurnir frá Íslandi.

T.H.

## Stjórn Ísalp 1995:

|                 |                                                                                                         |
|-----------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Formaður:       | Páll Sveinsson, s.5689048                                                                               |
| Varaformaður:   | Jón Þorgrímsson, s.5575011                                                                              |
| Gjaldkeri:      | Ingimundur Stefánsson, s.5884547                                                                        |
| Ritari:         | Árni Gunnar Reynisson, s.5544217                                                                        |
| Meðstjórnendur: | Pétur Ásbjörnsson, s.5689581<br>Elín Sigríður Sigurðardóttir, s.5520579<br>Katrín Oddsdóttir, s.5540615 |

## Skálanefnd:

Guttormur B. Þórarinnsson, s.5522712  
Jón Þorgrímsson, s.5575011

## Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason, s.5667094  
Snævarr Guðmundsson, s.5654606

## Ritstjóri fréttabréfs:

Elín S. Sigurðardóttir, s.5520579

## Ferða- og fundanefnd:

Elín S. Sigurðardóttir  
Þorvaldur Þórsson, s.5574090  
Þórarinn Pálsson, s.5572954  
Valgeir Ægir Ingólfsson, s.5670271  
Jökull Bergmann, s.5811982

## Húsnefnd:

Árni Gunnar Reynisson, formaður  
Björn Baldursson, s. 5536854

## Uppstillinganefnd:

Árni Gunnar Reynisson, formaður  
Hallgrímur Magnússon, s.5520579  
Haraldur Ólafsson, s.5512719

## Umhverfisnefnd:

Jón Viðar Sigurðsson, form. s.5510587  
Ingimundur Stefánsson, s.5884547  
Árni Tryggvason, s.5619469  
Salbjörg Óskarsdóttir, s.5525069

## Félagatal:





Útsýn af Svarfahnúk norður yfir Burstafell.  
Ljósmynd: Leifur Örn Svavarsson



Við bílinn, tindarnir í baksýn eru, talið frá vinstri: Pottfjall, Svartihnúkur (fyrir miðju) og Lambatindur.  
Ljósmynd: Leifur Örn Svavarsson





Á Pottfjalli.

Ljósmynd: Leifur Örn Svavarsson

Um kvöldið erum við ekki komnir niður úr skýjunum þótt víman breyti um eðli. Við Hjölli drekku bjórinn okkar en Karl ætlar sér að hafa te í hitabrusanum sínum daginn eftir. Okkur Hjölla var farið að líða sæmilega við varðeldinn sem ábúendur í eyðibýlinu höfðu kveikt, þegar Karl kom utan úr myrkrinu. Úfinn og villimannslegur í lopapeysu og síðum nærbuxum hélt hann því blákalt fram að hann væri búinn að vera þarna á ferðalagi í þrjár vikur. Hann hefði bara hitt okkur frændur af tilviljun. Annars lifði hann á ströndudum sel, „dottnum“ fugli og hræjum.

Úr Pottfjalli ganga tveir hryggir niður í Veidileysufjörðinn. Við fórum upp annan og niður hinn. Á uppleiðinni bröltum við yfir nokkur höft til að komast að langri harðfennislænu. Ég fór upp hana við hliðina á Karli sem lætur móðan mása. Snjólænan verður brattari í endann þar sem ísinn hættir og við taka snjóugir klettar. Ég fer úti kantinn og læt „sling“ um klett. Karl er með spottann á bakinu og gefur því lítinn gaum þótt ég segi að nú sé tími kominn til að fara í línuna. Mannbroddarnir surga í klettunum

Vestfjarða beint í æð. Daginn eftir klifruðum við austurhlíðina á Lambatindi. Nokkuð mikil hækkun en ekki erfitt klifur. Efrihlutinn var mjög fallegur, klettarnir hrímaðir og fallegt veður. Hálfnaður upp fyrsta haftið finn ég að kippt er í línuna. Þetta var Karl að reyna að hlaupa eftir myndavélinni sinni. Þú verður að taka tvöfalt, ég er með nóg af filmum, kallar Karl niður. Samviskusamur tek ég myndir en þegar filman klárast í efrihlutanum og stórkostlegt útsýnið blasir við rukka ég Karl um aukafilmu. Filmu? jú þær hoppuðu víst niður hált fjallið með myndavélinni hans.

Það þýðir ekkert að vera að pirra sig á honum Karli, hann hefur bara gott í hyggju. Til dæmis er hann með hitabrusann sinn fullan af viskí því það var eina ónotaða plássíð í bakpokanum hans. Því sem eftir er dags eyðum við í að brölta á fleiri fallega tinda þarna í nágrenninu.

og Karl mjakast ofar. Hann þarf að nota báðar hendur og er ekki lengur í aðstöðu til að geta tekið fram línuna. Ég held áfram að rexa og skammast uns Karl hverfur úr augsýn og er líklega hættur að heyra til mín. Ég er öskureiður. Ekki það að klettahaftið líti út fyrir að vera neitt óhemju erfitt. Mér finnst það eigi að vera mér í sjálfsvald sett hvenær ég klifri línulaust og hvenær ekki.

Þegar við Hjölli komum upp helli ég mér yfir Karl. Mér verður hugsað til góða dátans Svejs þegar Karl horfir á mig og setur upp „Sólheimaglottið“ og ég læt málið niður falla. Höfuðveggurinn var skemmtilegasti hluti leiðarinnar, mjög brött lokaspönnin klifruð í strompi. Klettarnir voru með þykku frauði, alsettu spennum.

Á einstaka stað mátti meira að segja pota inn ísskrúfu. Klettaspíran var í annarri vídd heldur



en niðurferðin af Pottfjallinu. Þar höfðum við bakkað niður í sannkölluðu vetrarveðri, skafrenningi og blindu. Nú vorum við komnir með uppbrettar ermar og hvítar sólkremsklessur á dreif um andlitið. Að sjálfsögðu vorum við búnir að klifa spíruna nokkrum sinnum í huganum á leiðinni og vorum bara nokkuð háttstemmdir af væntanlegum frægðarsögum okkar. Glæsilegasta ímyndada frásögnin var að við klifruðum hana beint úr suðri þaðan sem leiðin væri lengst. Raunhæfari draumar voru að reyna að komast uppí skarðið þar sem hún væri lægst. Þegar nær dró voru menn jafnvel farnir að sjá nokkuð auðvelda leið sem lægi á bakhlíð spírunnar.

Meira af kappi en forsjá bröltum við uppí skarðið. Það var í raun snarbratt með íspöktum klettum undir þunnu snjólagi. Ísaxa- og mannbroddalausir skiptust við á að kíkja niður hengiflugið hinumegin úr skarðinu. Klettaspíran var veðraður gangur og yfirhallandi veggurinn sem snéri að skarðinu var svartglerjaður, gjör-samlega ókleifur. Þegar við vorum að komast niður úr mesta brattanum aftur, varð mér lítillaga fótaskortur. Ég hafði hlaupið broddalaus útá hjarnið og ætlað að stöðva við útistandandi stein. Í armbeygjastöðu rann ég fimm eða tíu metra niður hliðina. Í sjálfu sér meinlaust nema að ég skar mig á steini yfir úlnliðinn á þeim stað sem anatómía almennings kallar púls. Helvíti djúpur skurður þó að hann hitti ekki á slagæð. Á meðan Hjölli plástraði mér saman kannaði Karl hina hliðina á dranginum sem einnig reyndist vera emileruð. Ekki annað að gera en fara beint upp sagði Karl skælbrosandi, hvor ykkar ætlar að fara fyrstu spönn? Með blóðugu sárabindinu benti ég á Hjölla sem lét sér hvergi bregða og sagðist vera hættur í þessu heimskulega „drullu-drangabrölti“. Ég bauðst til að fá mér te, halda í spottann og fara seinni spönnina ef Karli tækist að þríla fyrrihlutann. Í raun taldi ég ólíklegt að Karl kæmist nema mannhæð uppí dranginn, bæði var þetta ansi óárennilegt klifur og við ekki alveg með réttasta útbúnaðinn. En Karl lumaði á leynivopni. Háfjallatúttur. Á vappi um gamlar bæjartóftir hafði hann fundið gamla gúmmískó númer 48 sem smellpössuðu utanum innriskóna hans.

Tíu metrum ofar sá ég undir rassinn á Karli, reynandi að koma títanfleig inní sprungu með annarri hendi og íshamri. Eftir endalausar skæðadrífu af grjóti var kominn tími til að tölta á eftir honum.

Þetta var eiginlega eins og brattur stigi. Stuðlarnir lágu allir láréttir og mynduðu þrep sem öll hölluðu niður. Í framhaldinu voru tveir möguleikar. Annaðhvort að fara þar sem nýlega hafði hrunið. Þar var bergið fast, ljósbrúnt og lóðrétt. Til hliðar var óregluleg hrúga af stuðlum sem ekki hafði hrunið. Uppróðunin var ekki ósvipuð mikadópinnum sem maður lék sér með í gamla-daga. Ég komst upp án þess að hreyfa neinn. Góð tilfinning að komast uppá raunverulegan tind. Toppurinn var oddmjó hrúga af grjóti og betra að bakka aðeins niður á sylu með föstu bergi áður en ég tæki Karl upp. Ég sá svolítið eftir „slingnum“ sem við sigum niður á. Jón Gauti gæti orðið sár yfir að ég skili þeim ekki.

## Heimferðatími

Þoka og skítaskyggni. Við vorum algerlega að „krebera“ í fyrstu brekkunum. Snjórinn safnaðist svo undir skinnin að það var ekki hægt að komast neitt áfram. Að lokum datt Karli í hug að nota sóláburðinn sinn. Stór brúsi af Piz Buin dugði í hálf tíma, þá tók við varasalvinn, sjampóíð og vaselínið hans Hjölla! Öllusaman gluðað undir skinnin og gafst bara vel. Hvernig á að vera hægt að finna hvítan bíl inná miðri heiði í algerri blindu? Vopnaðir jarðfræðikorti sem sýndi allt landið, framkvæmdum við nauðsynlegar siglingafræðilegar mælingar. Það gekk illa að halda hópinn. Þrátt fyrir að við værum nokkurnveginn sammála um í hvaða stefnu

ætti að fara þá bentu áttavítarnir í þrjár mismunandi áttir. Við Hjölli með sín hvora misvísunina og viti menn, við nánari skoðun reyndist Karl með hárrétta vestlæga misvísun stíla inná sinn áttavita en botnplatan í nýja áttavitanum snéri öfugt og misvísunin því í raun austlæg. Þegar búið var að rétta Kalla við, römbuðum við beint á sólbaðaðan bílinn.

Skrambi góðir pastel-litir á þessu jarðfræðikorti. □



„Sólheimabráður“ á Pottfjalli.  
Ljósmynd: Karl Ingólfsson.





Sigkatlar á jökli. Ljósmynd: Magnús Tumi Guðmundsson



# Grímsvatnaför

*eftir Hallgrím Magnússon*



Á leið í Grímsvötn. Ljósmynd: Magnús Tumi Guðmundsson

Það var veturinn 1989 að mér bauðst að taka þátt í gönguferð yfir hálendið. Tilefni þessarar ferðar var að halda upp á að 30 ár voru liðin frá göngu Magnúsar Hallgrímssonar, föður míns, Kristjáns bróður hans og Þórs Benediktssonar upp Skeiðarárjökul, í Grímsvötn og þaðan norður í Svartárkot.

Til stóð að fara sömu leið og þeir höfðu lagt að baki 30 árum fyrr. Þar sem Magnús var einn eftirlifandi úr fyrri ferð voru það ferðafélagar hans til margra ára sem slógust með í för. Þeir voru Leifur Jónsson, Helgi Ágústsson og Alfred Fredrikssen ásamt undirrituðum.

Við lögðum af stað úr bænum á tveimur jeppum sem komu okkur að Skeiðarárjökli. Þegar að rötum var komið þótti ástæða til að nota farartækin og skutla farangrinum upp á sporðinn. Annar bíllinn ók nokkra km upp á jökulinn og við gengum í humátt á eftir. Skyndilega heyrðust mikil hljóð og bíllinn steyptist í svelt rétt við nefið á okkur. Eftir mikið basl náðist hann þó upp. Við félagarnir vorum ásáttir um að fall væri fararheill og héldum glaðbeittir af stað eftir þó nokkra töf, grunlausir

um það sem biði okkar. Það tók okkur tæpa þrjá daga í þungu færi og rigningu að komast í skálann á Grímsfjalli. Þar vorum við veðurtepptir í einn dag og farnir að ókyrrast vegna tafa. Á fimmta degi ferðar afréðum við að koma okkur ofan af fjallinu í von um að veðrið væri eitthvað skárri niðri á jöklinum. Við lögðum af stað um kl.10 að morgni. Það var dimmt yfir og mikill skafrenningur, vindur milli sex og átta vindstig. Stefnan var tekin meðfram brún Grímsfjalls til austurs.

Leifur leiddi hópinn með áttavitann í hendi. Við hinir fylgdum í kjölfarið og leiðréttum stefnuna. Leifur hafði verið frekar vinstrisinnður í þessari ferð og þarna var engin undantekning, skyndilega beygjum við undan vindinum í átt að brúninni. Viðvörðunarópin frá okkur náðu ekki eyrum hans og hann hvarf okkur sýnum. Hann hafði fallið fram af brúninni niður í vötnin. Það var eins og tíminn stoppaði, enginn trúði að þetta gæti komið fyrir okkur, vana menn! Hugsunarlaust rifum við af okkur skíðin og hlupum fram á brúnina. Pabbi kallaði en fékk ekkert svar. Helgi og Alli byrjuðu strax að koma





Skyggnið í þessari sögulegu ferð var ekki uppá marga fiska. Hópurinn á brúninni. *Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon*


sér fyrir og taka til búnað til að ná honum upp. Við fedgarnir stóðum á brúninni eins og asnar og rýndum út í sortann. Pabbi taldi sig hafa fengið svar og við fórum að leita eftir heppilegum stað til að síga fram af. Helgi kallaði til okkar að koma okkur frá brúninni. Við létum varnaðarorð hans sem vind um eyru þjóta. Vedrið hafði versnað ef eitthvað var og það var ómögulegt að sjá brúnina. Snjórinn þyrlandist upp þannig að okkur sýndist ávöl brekka rísa upp við brúnina. Nokkur köll í viðbót og við töldum okkur hafa heyrt í Leifi. Hljóðið sem við heyrðum hljómaði eins og gelt og við höfðum ekki hugmynd um hvernig honum liði. Pabbi gekk nokkur skref til baka, sótti skíði og potaði því í snjóinn til að kanna brúnina. Hann kom svo til baka upp að hlið mér og gekk rakleiðis fram af. Nei ekki Pabbi....Nei ekki Pabbi. Ég leit fram af, sá rauða þúst falla niður af hengjunni og hverfa í sortann. Það fá engin orð því lýst hvernig mér leið, ég stóð þarna dofinn á brúninni og öskraði út í sortann. Ég fékk ekkert svar. Ég rankaði við mér við hvassa rödd Helga um hvort ég ætlaði sömu leið og þeir félagar. Ég ráfaði til hans og Alla þar sem þeir bundu mig í spotta og ég hélt áfram uppteknum hætti. Ekkert svar. Hafði geltið verið ímyndun? Eftir þó nokkra stund gafst ég upp og gekk aftur til þeirra.

Þarna hófst mikil rekistefna um áframhaldið. Hugmyndir voru um að kalla á hjálp með talstöð

sem við vorum með í för, og bíða í skálanum. Önnur hugmynd var að bíða og sjá hvort þeir björguðu sér ekki sjálfir. Eftir nokkuð þref urðum við ásáttir um að ég myndi síga fram af brúninni á enda línanna, kanna aðstæður og reyna að ná sambandi við þá. Við vorum með tvær 20m jöklalínur og eina 50m klifurlínu. Helgi og Alli komu sér fyrir í holunum sínum og létu mig síga. Fyrst fór ég fram af sjálfri hengjunni. Hún var há, milli 8 og 10m og eftir það tók snarbrött hliðin við. Brúnin var fljót að hverfa. Ég tifaði niður eftir brekkunni og beið eftir klettunum. Ég var kominn á enda og ekkert bólaði á félögunum. Skyggnið var ekki meira en 5–10 metrar og ég sprangaði um brekkuna eins langt til beggja hliða og ég gat. Mér á hægri hönd hækkuðu klettarnir og ég var sannfærður um að enginn myndi lifa af fall niður þá. Þarna var ég í a.m.k. klukkustund og hafði ekkert heyrt eða séð. Ég var orðinn svo hás eftir allt öskrið að ég heyrði ekki lengur í sjálfum mér. Að lokum sat ég á enda línunnar ráðalaus um áframhaldið og lét hugann reika.

Þarna rifjaðist upp fyrir mér atvik frá undirbúningi ferðarinnar. Við fedgarnir sátum heima og skoðuðum kort og þóttumst vera að undirbúa okkur. Sú gamla kom aðvífandi og vildi fá að sjá fyrirhugaða leið. Hún pirði augun og renndi fingrinum eftir kortinu. Fingurinn stoppaði við Grímsvötn. „Klettur!“, hrópaði hún





Úr Grímsvötnum, brotalínan sýnir líklegasta staðinn þar sem þeir félagar féllu niður; á þriðja hundrað metra fall.

Ljósmynd: Magnús Tumi Guðmundsson

„þarna getið þið dottið fram af“. Við hlógum mikið og töldum okkur ekki þurfa á konuráðum að halda.

Í þessum hugrenningum birti örlítið til og ég sá glitta í leið niður með klettunum. Ég þurfti að komast neðar. Ég gaf brúnamönnunum merki um að hífa. Uppferðin gekk vel þangað til kom að hengjunni. Þeir tóku mig upp í félagabjörgun þar sem ég var með einn enda bundinn um brjóstið og lausa lykkju fyrir fætuna. Þetta gekk eins og í sögu þangað til þrír metrar voru ófarnir. Línan hafði skorist niður í hengjuna og það má segja að þeir hafi dregið mig eins og kartöflupoka í gegnum hana. Ég var sannfærður um hvernig væri best að gera þetta. Ég vildi að við myndum allir síga fram af, klifra niður hlíðina að klettunum og þaðan vildi ég svo síga áfram niður í vötnin. Sem betur fer talaði ég þarna fyrir tónum eyrum þar sem hengjan var nær ókleif fyrir menn með okkar búnað. Þeir sættust á að ég færi fram af brúninni í einum kaðli og klifraði einn niður með afganginn.

Við tókum til tvær axir, brodda og gerðum upp línurnar og ég seig fram af. Neðan við efstu hengjuna losaði ég mig úr spottanum og klifraði niður. Ég fikraði mig löturhægt og rýndi eftir klettunum sem ég hafði séð áður. Eftir drygklanga stund sá ég grilla í klettabrúnina. Þegar nær kom harðnaði snjórinn og endaði í ís. Broddarnir! Ég hafði gleymt broddunum uppi á

brún í æsingnum þegar ég seig fram af. Þetta kostaði mig ómælda vinnu að höggva mér spor og gerði mig taugaóstyrkan. Loksins kom ég að brúninni, klettarnir voru miklu hærri en ég hafði ímyndað mér og ekkert sást til félaganna. Úrkula vonar fikraði ég mig áleiðis til norðurs. Ég rýndi aftur og aftur niður, og þarna sá ég þá allt í einu híma undir klettinum neðan við mig. „Hó Hó – Hó Hó!“, ég fékk svar, þeir voru lifandi. Ég hafði hvorki heyrt eða séð af þeim í a.m.k. fjórar klukkustundir og þarna var þungu fargi af mér létt.

Það var ekki möguleiki að ég myndi ná þeim þarna upp einn míns liðs. Við afréðum að hliðra áleiðis til austurs í von um að komast fyrir klettana. Þeir notuðu línuna sem Leifur hafði „tekið með sér“ niður í vötnin og tryggðu hvorn annan með skíðastöfum. Það færðist yfir mig ró við að fylgjast með þeim félögum sílast eftir brekkunni, þarna sýndu þeir gamla takta sem ég hafði ekki orðið vitni að áður. Þetta fórst þeim vel úr hendi og það var eins og þeir hefðu aldrei gert neitt annað. Loks komumst við fyrir klettana en við af þeim tók ísilögð brekka með höftum á milli okkar. Það voru ennþá a.m.k. 40 m á milli okkar og ég hjó mér spor í ísinn til að komast nær. Þarna kom ég mér í hálfgerða sjálfheldu og gat mig lítið hreyft, einhvern veginn náði ég þó að bögglast til baka upp í hjarnið. Eftir þetta hliðruðum við 10 – 20 metra í viðbót þar sem ég



# ÁRBÆKUR FERÐAFÉLAGSINS



*Einstök heimildarit um landið*

Efni árbókanna nær til flestra landshluta.  
Þær eru fróðleg lesning fyrir Íslandsferðir  
og ómissandi ferðafélagi.

Árbókin 1995 er 68. árbók Ferðafélagsins.  
Árgjaldið er kr. 3.200  
og er árbókin innifalin.  
Hún ber heitið „Á Hekluslóðum.“  
*Fest einnig innbundin fyrir  
500 kr. aukalega.*



A plús, auglýsingastofa



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS  
Mörkinni 6, 108 Reykjavík  
sími 568 2533

## GERIST FÉLAGAR

*og njótið afsláttar  
af gistingu í 32 sæluhúsum  
auk annarra fríðinda.*





Á leið ofan af Grímsfjalli í góðu veðri. Ljósmynd: Magnús Tumi Guðmundsson

gat komið mér fyrir. Ég gróf mér holu, gerði upp línuna og henti. Í sveiflunni hrifsaði línán með sér aðra öxina og ég sá hana hverfa út í sortann. Nú voru góð ráð dýr, ég var ekkert viss um að komast upp með eina öxi. Það var ekkert annað að gera en að sitja á sér og koma þeim upp. Ég kom mér fyrir í holunni þannig að hægt var að toga línuna metra fyrir metra. Sameiginlega tókum við á, ég togaði og þeir klifruðu. Upp komust þeir og það fyrsta sem ég sá koma upp fyrir síðasta haftið var öxin.

Þarna urðu miklir fagnaðarfundir. Þeir þóttust vera heilir á húfi en Leifur kvartaði yfir eymslum í brjósti og hóstaði upp blóði í sífellu. Leifur þakkaði mér kærlega fyrir að koma öxinni til þeirra og var viss um að þetta hefði gengið illa án hennar. Ég ákvað að láta þennan misskilning standa og var hinn borubrattasti.

Kófið hafði aukist mikið og snjórinn að sama skapi. Snjóflóðahættan var orðin mikil svo hvíldin varð stutt. Við höfðum þann háttinn á að þeir komu sér fyrir og tryggðu mig við klifrið. Í lok spannar gróf ég mér holu og sameiginlega var togað og klifrað. Það dró heldur af Leifi og ekki fór á milli mála að hann gekk ekki heill til skógar. Undir hengjunni náðum við sambandi við brúnamennina og þeirra verk var fyrir höndum. Við notuðum sömu aðferð og áður, Leifur fór fyrstur með bundið um brjóst og lykkju um fætur. Þetta gekk ekki eins og til stóð, við vorum sambandslausir við brúnamennina vegna

veðurofsans og Leifur gat sig hvergi hrært, dinglandi í hengjunni, vegna sársauka í brjósti. Á endanum heyrðu þeir kvalaóp Leifs og létu hann síga aftur niður. Eftir endurskipulagningu fór ég fyrstur, og kom mér fyrir á brúninni til að bera skilaboð á milli. Þetta gekk að óskum og skömmu síðar vorum við allir á brúninni.


Helgi og Alli voru að vonum ánægðir með veiðina eftir 6–7 klukkustunda bið. Faðmlögin voru þétt og engar orðalengingar um atburðarásina, við drifum okkur síðan af stað í átt að skálanum. Veðrið var orðið enn verra og Magnús hafði ekki mikla trú á rötunarþekkingu okkar, hann stakk upp á að við tjölduðum þar sem við vorum og hættum þessum línudansi. Menn tóku þessu frekar fálega og vildu litast um. Það var e.t.v. eins gott þar sem við vorum ekki nema 50m frá skálanum og þurftum ekki annað en að rýna út í sortann til að berja hann augum. Ekki var möguleiki á að halda ferð okkar áfram þar sem Leifur hafði að öllum líkindum skaddað lungu með brotnum rifjum og allur hans farangur niðri í vötnunum. Við létum því góða félaga vita af ferðum okkar og fengum þá til að sækja okkur.

Það hafa fá orð verið höfð um þessa ferð áður en þetta er skrifað. Leifur Jónsson sagði þó sína reynslusögu í Ársriti Útivistar '93. Þessi langa þögn segir meira en mörg orð um þau áhrif sem þessi örlagaríka ferð hafði á mig og félaga mína. □



# Af skörpu klifri, Lapplandsferðum, klifurbósum og Þórði Guðjohnsen

*eftir Magnús T. Guðmundsson*



Þórður Guðjohnsen (1867–1937).

Dögun fjallamennsku á Íslandi varð á 3. og 4. tug þessarar aldar samfara stofnun Ferðafélagsins og fjallgöngum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal og félaga hans í Fjallamönnum. Fyrir þann tíma lögðu menn hér á landi ekki fyrir sig fjallaklifur og jöklaferðir svo neinu næmi þó svo nokkrar fræknar ferðir væru farnar. Einn var þó sá Íslendingur sem stundaði fjallamennsku af kappi á fyrstu áratugum aldarinnar en það var Þórður Guðjohnsen læknir. Hann var ekki þátttakandi í vakningu fjallamanna hér á landi enda búsettur í Danmörku frá því um 1890. Í þessu greinarkorni er ætlunin að segja nokkuð af Þórði og fjallgöngum hans. Eina heimildin sem mér var tiltæk um Þórð er bók hans, Endurminningar fjallgöngumanns, en í henni er einnig greinargott æviágrip eftir Jakob Guðjohnsen frænda hans. Bókin kom út 1963, 26 árum eftir dauða Þórðar. Er það sem hér fer á eftir byggt á bók Þórðar og æviágripinu sem þar er að finna. Í tilvitnunum hér á eftir er vísað til bladsíðutals í bókinni.

Þórður Guðjohnsen fæddist árið 1867 og ólst upp á Húsavík en þar var faðir hans verslunarstjóri. Segir Þórður að fjallaárátta sín hafi kviknað í æsku og að fyrsta fjallgangann hafi verið á Húsavíkurfjall. Þakkaði hann föður sínum að hafa veitt sér frjálstræði til að ganga á fjöll og klifra í

klettum. Þórður stundaði nám við Latínuskólann í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi 1887. Prófi í læknisfræði lauk hann svo frá Hafnarháskóla 1896 og árið 1899 settist hann að á Borgundarhólmi þar sem hann starfaði sem læknir til dauðadags árið 1937. Kona hans var ættuð frá Borgundarhólmi en hún hét Elisabeth Bohn-Hansen.

Ekki var um auðugan garð að gresja fyrir fjallgöngumann á heimaslóðunum á Borgundarhólmi. Leitaði Þórður því að vonum út fyrir landsteinana og stundaði fjallgöngur í Ölpunum, í Jötunheimum í Noregi og í þeim fjallageim sem liggur nyrst í Svíþjóð og hefur frá fornu fari verið nefndur Lappland. Fór kona Þórðar með honum í margar ferðanna, sumar leiðir gekk hann einn en aðrar fór hann með ýmsum ferðafélögum. Alpafjöllin og Jötunheimar voru vettvangur Þórðar fram til 1914. Fyrstu ferðirnar voru einkum gönguferðir um dali og skörð en síðan færði hann sig upp á skaftið. Í Noregi gekk Þórður m.a. yfir Jostedalsbreen, stærsta jökul Noregs. En sú ferð sem honum var greinilega eftirminnilegust er ganga á Stóra Skagastólstind (2404 m) með þekktum norskum leiðsögumanni, Ola Berge. Töluvert klifur er upp efstu 100 m tindsins og virðast tryggingaraðferðir hafa verið frumstæðar. Er greinilegt af frásögninni að nokkur skrekkur



hefur verið í Þórði yfir hversu erfið og ótrygg leiðin reyndist. Og þegar niður kom var hann nokkuð hugsi yfir ferð þessari: „Ég var kominn í hálfíllt skap. Hafði ég lagt líf mitt í hættu, og var það heimska, en verra var það, að ég hafði sett líf annars manns í enn meiri hættu, því ég var honum minni sem fjallgöngumaður. Var þetta stráksskapur. Og allt þetta gjört eingöngu af metorðagirnd. Um kvöldið hafði ég enga matarlýst, en þambaði bjór þar til ég var hálffullur. Svaf ég og illa þá nótt. Snemma næsta dags gekk Óli Berge í 109. sinn á Skagastölstind, og náði ég að kveðja hann í síðasta sinn.“

Og Þórður segir einnig:

„Oft hef ég minnzt þessarar farar. Nú, þegar ég er orðinn gamall skussi, hef ég glatt mig yfir því, sem ég þá gat gjört, enda þótt ég oft hafi hálfskammast mín fyrir þetta tiltæki.“ (bls. 24).

Í Ölpunum gekk Þórður á nokkra tinda og ýmsar fjallaslóðir. En markverðasta ferð hans í Ölpunum var gangan á Matterhorn sumarið 1911. Var hann fyrstur Íslendinga og Dana til að ganga á Hornið. Þangað gekk hann í fylgd bræðranna Péturs og Hans Perren en þeir voru báðir leiðsögumenn. Segist Þórði svo frá:

„Vér vorum þrír í förinni, því bræðurnir þekktu mig ekki. Voru þeir því ekki allóvanir, að menn í fjallgöngum gáfust upp eða misstu kjarkinn, og þarf þá helzt meira en einn mann, til að bjarga slíkum besefum.“ (bls. 39).

Gangan gekk að óskum og voru þeir hálfa sjöundu klukkustund á tindinn og niðurferðin tók sex tíma. Var Þórður ánægður vel með ferð sína og er augljóst að hann taldi ferðina á Matterhorn hafa verið mun minna hættuspil en uppgönguna á Skagastölstind. Að ferðinni lokinni segist Þórður hafa orðið hið mesta „Matterhornsfífl“ og að hann hafi „þráð fjallið eins og ástfanginn unglingur þráir heitmey sína.“ (bls. 47). Sumarið 1914 hugðist Þórður halda suður til Karpatafjalla en þá gerðust horfur ískyggilegar í Evrópu vegna yfirvofandi stríðs enda skall fyrri heimstyrjöldin á í júlí það sumar. Hætti Þórður við suðurför en af-réð þess í stað að fara norður til Lapplands. Varð það fyrsta ferðin af sautján. Þetta voru gönguferðir sem stóðu dögum saman og bar hver sitt hafurtask. Lengst af hafði Þórður sömu ferðafélagana í þessum ferðum: Danina Henrik Knudsen og Maríu Möller en síðustu árin var dóttir Þórðar, Ása, oft með í för. Á þessum árum voru ferðamenn fáir í Lapplandi og margar fjallaslóðir lítt eða ekki kannaðar. Voru sumar



Úr leið Whympers á Matterhorn, Þórður Guðjohnsen kleif fjallið fyrstur þegna Danakonungs sumarið 1911.

Teikningar Þórðar Guðjohnsens


ferða þeirra Þórðar því könnunarferðir þar sem gengin voru fjallaskörð og tindar klifnir. Í einni þessara ferða (1919) fann Þórður nýja leið upp á Kebnekaise (2117 m), hæsta fjall Svíþjóðar. Var leið Þórðar mun styttri en sú sem oftast var farin og var hún til að byrja með nefnd Guðjohnsen-leiðin en síðar Eystri leiðin.

Endurminningar fjallgöngumanns var ekki eina ritverk Þórðar. Á vetrum skráði hann ferðasögur sumarsins og myndskreytti. Tvær slíkar ferðasögur gaf hann sænska ferðafélaginu og veitti félagið honum viðurkenningu fyrir. Þriðja handritið um Lapplandsferðir sendi hann Geografisk Selskap í Kaupmannahöfn. Þórður gaf Helga Jónssyni frá Brennu, einum af forkólfum Ferðafélags Íslands, handritið að Endurminningum fjallgöngumanns. Munu þeir hafa hist sumarið 1937 en þá kom Þórður í heimsókn til Íslands til að halda upp á 50 ára stúdentsafmæli sitt. Greinilegt er að Þórður Guðjohnsen hefur verið áræð-



# LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum  
eða flöskubrotum á víðavangi.





inn og duglegur ferða- og fjallamaður. Hann var jafnan leiðtoginn í Lapplandsferðum sínum og hafa fáir verið staðkunnugri á þeim slóðum á þeim tíma sem hann stundaði ferðir sínar. Bók hans ber einnig með sér að Þórður hafði bæði áhuga og skilning á lífi Samanna sem Lappland byggja. Mun hann hafa lært mál Sama og átti marga kunningja í þeirra hópi. Þá er augljóst á lýsingum hans á samferðafólki og ýmsum uppákomum að Þórður hafði næmt auga fyrir því spaugilega, bæði í eigin fari og annarra. Endurminningar fjallgöngumanns er fjallamönnum skemmtileg lesning, bæði vegna ágætrar frásagnargáfu en ekki síst vegna stilsins. Orðalag er sumstaðar frekar fornlegt en einnig er ljóst að Þórður hefur búið til ýmiss orð yfir hluti sem ekki voru til á Íslandi í hans ungðæmi. Má þar nefna að fjallaskála nefnir hann oftast hæli, leiðsögumann nefnir hann fjallaleiðtoga og hugtak-ið klifurbósi þarf varla skýringar við. Er öllu meiri reisin yfir þeirri nafngift Þórðar yfir þá menn sem engin halda bönd en t.d. hið hálfenska heiti klifurfrík. Margar lýsingar Þórðar eru hinar skemmtilegustu. Staðarbrag í Turtagrö undir Skagastölstindum í Noregi lýsir hann eftirfarandi:

„Í Turtagrö er oft margt fólk, því góður akvegur liggur þangað. Hér má sjá karla, digra sem naut, sitja að stórum bjórkollum og kvenfólk í silki, með hringa á hverjum fingri. En hingað koma og verstu klifurbósar úr mörgum löndum. Það er sem þeir hafi eitthvert ósýnilegt fangamark, því þeim heppnast, áður en langt um liður, að gagga sig saman í einhverju horni, og nú heyrir þaðan klíður um snarbratta kletta, eggjar, skarpar sem rakhnífa, og þröngar klifurgjár, og lítur svo út,

sem þessir menn hafi ekki tekið eftir fegurð fjallanna vegna klifursýki.“ (bls. 15).

Í Gandegg skálanum nærri Monte Rosa í Ölpunum hitti Þórður fólk sem hann minnst á þennan veg:

„Inni í stofunni sat risavaxinn maður og stór, fönguleg kona. Þau sátu við rommtoddy. Auk þess sátu þar tveir Þjóðverjar, sem ætluðu sér upp á eitthvert fjall. Risinn rabbaði við þá, en þeir voru „greenhorns“ og lítið upp úr þeim að fá. Þegar ég kom inn, lagði ég frá mér allstóran malpoka, setti ísöxi mína og klifurtaug inn í horn og settist síðan niður. Hefur risanum fundizt einhver fjallabragur á mér, því hann yrti þegar á mig. Var hann skraffinnur mikill. Var mér boðið toddy, og tók ég því ekki ólíklega, því ég er gamall brennivínsberserkur.“ (bls. 48).

Lengi er hægt að tína til skemmtilegar tilvitnanir í bók Þórðar Guðjohnsen. Hefur án efa verið gaman að ferðast með Þórði á sínum tíma. Viða kemur það fram í bókinni að Þórður hefur verið í flestum málum víðsýnn og hleypidómalaus. Ekki fer hann í launkofa með ímugust sinn á Hitler en hann var við völd í Þýskalandi síðustu árin sem Þórður lifði. Mun Þórður hafa sagt fyrir um gyðingaofsóknir nasista. En auk Hitlers liggja Þórði ekki sérlega vel orð til náunga eins sem hann kallar reyndar fretkarl. Er við hæfi að ljúka þessum pistli með lýsingu Þórðar á afdrifum ísaxar sinnar, forlata grips sem smíðað hafði frægur ísaxarsmiður í Chamonix:

„En illa fór vesalings öxin mín. Það var mörgum árum síðar á vélbát á vatni einu í Lapplandi. Fretkarl einn mjakaði henni fyrir bord; liggur hún þar og bíður dómsdags. Hún var mér harmdauð.“ (bls. 14). □



Kebnekaise (2117m) í Lapplandi. Teikningar Þ.G.



## Pilið

eftir Pál Sveinsson

Norðanmegin í Esju í botni Eilífsdals er ísleið sem heitir Pilið. Nafnið átti upprunalega við allan ís í botni dalsins en með tímanum hefur nafnið fest við lengstu og glæsilegustu ísleiðina.

Það var ekki þrautalaust að klifra Pilið í fyrsta sinn. Guðmundur Helgi var búinn að hafa leiðina í maganum í langan tíma og hafði farið nokkrar ferðir að skoða. Eins hafði hann klifrað tvær fyrstu spanninna árið áður.

Það var loks í febrúar 1991 þegar Helgi hafði fylgst með þílinu (erfiðast við Pilið er að hitta á rétta daginn þegar fossinn er í aðstæðum) og lýsti því yfir að nú væri rétti tíminn til að klára leiðina. Ég vissi lítið um leiðirnar í dalnum. Ég hafði ekkert klifrað í botni Eilífsdals svo ég hafði eingöngu orð Helga um að Pilið væri kleift. Það tekur tvo til þrjá tíma að ganga dalinn og upp að þílinu. Frá vegi lætur það ekki mikið yfir sér en stækkar ótrúlega mikið þegar komið er nær. Pilið er með tilkomumeiri leiðum sem ég þekki. Leiðin er mjög ógnandi og gnæfir yfir umhverfið. Það má líkja því við að ganga í fang ísbjarnar sem situr á hækjum sér. Við þræddum léttustu leiðina upp að þákinu. Tvær 40m IV.gr. spannar. Þriðja og síðasta spönnin er lykilhluti leiðarinnar en hún hangir mun utar heldur en tvær fyrstu spanninna. Það var fyrir neðan hana sem Helgi hafði snúið við. Ekki varð nein breyting í þetta sinn. Eftir að Helgi hafði klifrað upp að þákinu leist honum ekkert á framhaldið og við sigum niður. Það leið vika og við alveg viðþolslausir að reyna aftur. Nú gekk allt upp. Við vorum rétt stemmdir fyrir síðustu spönn. Þakið var og er rosalega tilkomumikið, það er sá hluti leiðarinnar sem fullkomnar heildina. Þakið frýs mjög mismunandi. Í þetta sinn var ein sver íssúla sem náði upp í það og svo hingu mjög stór kerti þar fyrir utan. Hægt var að klifra íssúluna upp að þákinu og þaðan hliðra beint út á frihangandi kertin utar.



Pilið. Ljósmynd: Björn Ólafsson

Það liðu fjögur ár þar til Pilið var klifið aftur. Það hafði frést af góðum aðstæðum. Nú fóru þrír hóp- ar upp. Dagur og Viðar. Kalli og Tómas. Bjössi, Hallgrímur og Palli. Aðstæður voru eins og '91 og hóparnir fylgdu sömu leið. Það var mun meiri ís í þákinu sem gaf möguleika á tveimur leiðum upp. Tvö pör fóru lengst til vinstri og eitt lengst til hægri. Báðar leiðirnar gáfu fyrstu uppferð ekkert eftir.

Svæði: Esjan

Leið: Pilið

Aðkoma: Gengið inn Eilífsdal, u.þ.b. 3 klst.

Hæð leiðar: u.þ.b. 120m

Klifurtími: 4-6 klst.

Gráða: 5. gráða.

Fyrst farin: Febrúar 1991. Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen.

Útbúnaður: Fullkominn ísklifurbúnaður, tvær línur ef síga á niður.



# Búlandstindur

*eftir Örvar Aðalsteinsson*



Búlandstindur. Ljósmynd: Örvar Aðalsteinsson

Segir hér frá ferð sem farin var á Búlandstind í ágúst 1980. Frásagnir af hörðu bergi og hnarreistum tindum ollu því að ferðafélagarnir Ævar og Örvar Aðalsteinssynir og Birgir Jóhannesson héldu austur á land og gengu á nokkur fjöll sem ekki voru fjölfarin á þeim tíma.

Fyrst var komið við í Skaftafelli og þótti okkur það ágæt byrjun að ganga á Hvannadalshnúk. Síðan héldum við austur í Hornafjörð og vorum nokkra daga við Vestrahorn og kynntumst hörðu gabbróinu sem þar finnst. Klifum við þrjá tinda á því svæði. Því næst var haldið áfram austur og gengið á Eystrahorn á leið okkar til Djúpavogs.

Frá Djúpavogi blasir Búlandstindur við mjög formfagur 1068m. Tjölduðum við sunnan undir fjallinu og ákváðum að ganga á það daginn eftir. Morguninn eftir var bjartviðri, hægur andvari og hlýtt, tilvalið veður til fjallgöngu. Héldum við af stað eftir morgunverð, skildum allar helstu klifurgræjur eftir og vorum léttklifjaðir því okkur sýndist leiðin vera frekar létt og þægileg. Skunduðum við upp gróna suðurhlíð fjallsins uns við komum á hrygg í u.þ.b. 500m hæð. Hryggur þessi liggur suður frá tindinum og fylgdum við honum vestan megin alla leið upp. Þegar ofar dró einkenndist leiðin af stöllum 4–8m háum og aflíðandi fláar á milli svo þetta var skemmtilegt klifurbrölt án trygginga.

Þegar við vorum í u.þ.b. 800m hæð komum við að stalli þar sem sást vel norður með austurhlíð Búlandstinds. Gengur þar öxl út úr meginfjallinu og nefnist Goðaborg. Eru þar mikil þverhnípi og gljúfur. Sagan segir að þangað upp hafi menn burðast með skurðgod sín eftir kristnitökuna til að steypa þeim fram af þverhnípinu og fyrirkoma þeim. Vorum við sammála um að vandfundinn væri betri staður til slíkra verka.

Við héldum áfram upp hrygginn og útsýnið jókst þar til við náðum tindinum. Þá opnaðist mikil sýn um allt Austurland. Þaðan sést vel um alla firði og líka inn á hálendi landsins en Búlandstindur er eitt af hæstu fjöllum sem liggur við sjó á Austurlandi. Þau fjöll sem mest bar á voru Dyrfjöll í norðri og Snæfell í vestri. Hófust nú áætlanir um næstu ferðir enda margt að sjá þarna uppi. Eftir drjúga stund á tindinum héldum við niður og vorum við tjaldið eftir 6 tíma skemmtilega ferð.

Svæði: Þerufjörður

Leið: Búlandstindur

Hæð leiðar: um 1000m

Göngutími: 6 klst.

Útbúnaður: Venjulegur göngubúnaður.



# Tindar Öræfajökuls

*eftir Kristján Maack*



Öræfajökull; fyrir miðri mynd má sjá Sveinstind og Hvannadalshnúk. Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson

Konungur íslenskra jökla er án efa hinn margbrotni Öræfajökull, sem með sínum stórfenglegu tindum og skriðjökum hefur heillað margan fjallamanninn. Jökullinn skartar Hvannadalshnúk, hæsta tind Íslands 2119m, og er Hnúkurinn sem hann svo oft er nefndur, takmark og stolt allra þeirra sem einhverja fjallamennsku stunda.

Það eitt að ganga á Hvannadalshnúk er flestum stórt verkefni og sjaldan gefst tími né ráðrúm að ganga á alla þá tinda sem jökullinn ber, og má því segja að konungur íslenskra tinda skyggi óneitanlega á hina fjölmörgu tinda sem jökullinn státar af. Eru þar engir aukvisar samankomnir, 10 af 11 hæstu tindum landsins, allir yfir 1840m.

Það er óhætt að segja að maður hafi fengið að kynnast Öræfajöklinum páskana 1986, og það var ekki laust við það að þessar brekkur væru ákveðin endurtekning á fyrri dögum okkar, þar sem við vorum að leggja í okkar þriðju uppgöngu á tvöfalt fleiri dögum, mjög svo árla þennan

langa föstudag, já þetta átti eftir að vera svo sannarlega „föstudagurinn langi“. Framan af veru okkar í Skaftafelli höfðum við verið einungis tveir á ferð en nú hafði okkur bæst þriðji maðurinn í hópinn.

Fyrsti hluti leiðarinnar lá upp hina algengu gönguleið Sandfellsins og síðan áfram upp léttar og aflíðandi brekkur Sandsfellsheiðarinnar. Í um 1200m hæð tekur við sjálf jökluröndin en stefnunni er haldið áfram eftir hryggnum upp undir brúnir Öræfajökulsins í um 1700m hæð. Eitthvað er um sprungur á þessum slóðum en á þessum árstíma ber lítið á þeim. Stórkostlegt útsýni er úr þessum brekkum suður yfir sanda og sker Lómagnúpur sig vel úr í vestri. Einnig gefur Hvannadalshryggurinn manni ómælda ánægju með skörðóttri egg sinni sem gnæfir yfir Virkisjökulinn og falljökulinn austan Rauðakambs, óborganlegt ásýndum. Þegar brúnunum hafði verið náð var stefnt til austurs í átt að fyrsta tind-



inum sem á vegi okkar varð, Rótarfellshnúk 1848m, framverði Öræfajökuls. Tindurinn stendur syðst í jöklinum og er fremur auðveldur uppgöngu, hryggnum er fylgt frá austri til vesturs og á toppinn.

Öræfasveitin nýtur sín vel frá þessum sjónarhóli og í austri eru næst okkur Vestri- og Eystri Hnappar 1851m og 1758m. Þangað lá leiðin og reyndist gott að sveigja örlítið til norðurs til að halda hæðinni. Stutt er á milli tindanna og er Vestri Hnappurinn auðveldari uppgöngu. Eystri Hnappurinn stendur mun lægra en áður nefndir tindar og er óhjákvæmilegt að tapa svolítilli hæð við að nálgast hann, örlítið brólt er að ganga síðustu metrana á sjálfan toppinn, en það mun litlum vandkvæðum bundið, þó gott sé að hafa einhver járntól sér til aðstoðar.

Áfram var haldið í norður, í átt að Sveinsgnýpu 1927m. Örlítið er þessi leggur á fótinn og er hækkunin um 250m. Sveinsgnýpa er bröttust uppgöngu úr suðri en þægilega uppgöngu á skiðum er að finna úr austri. Nú var loks gott útsýni á Hvannadalshnúk í norðvestri, sem virtist vera í seilingarfjarlægð yfir sléttan jökulinn. Gnýpan varðar Kvískerjaleiðina við jökulbrúnina og er endi skemmtilegs hryggjar sem fylgt er þegar á jökulinn er gengið úr austri, svokallaða Kvískerjaleið. Í norðri ber við Sveinstind 2044m, sem ekki er langt undan, og á milli er þægilega lítill halli sem er kærkominn eftir alla uppgönguna. Tindurinn var um tíma talinn hæsti tindur Öræfajökuls og var skírður í höfuðið á Sveini Pálssyni er kleif hann fyrstur. Tilkomumestur er Sveinstindur úr austri en greiðfært er á hann úr öllum áttum. Útsýnið er hvað best í austur- og norðausturátt, niður Hrútárjökul, yfir Breiðamerkurjökul og lón, og norður í Esjufjöll.

Loksins fór landslagið að verða skiðunum í hag því það má ná rennsli nánast alla leið yfir að næsta tind, Hvannadalshnúk 2119m. Til að halda rennsli sem lengst héldum við stefnunni til norðurs í átt að Snæbreiðinni og stefndum svo til suðurs undan brekkunni. Sjálf Snæbreiðin er ekki mjög tilkomumikill tindur og líkist mest því landslagi sem tekur við norður af henni, endalaus slétta og í góðu skyggni má auðveldlega sjá

Grímsvötn, Kverkfjöll og Snæfell í norðaustri. Hnúkurinn tekur sig vel út úr norðri séð, brattur norðvesturhryggurinn er tígulegur með bröttum hengjum hangandi framfyrir sig. Gott rennsli var langleiðina að Hnúknum frá Snæbreiðinni og hjálpaði það til við þreytuna sem var farin að segja til sín eftir langa ferð. Ekki reyndist Hnúkurinn árennilegur til uppgöngu norðvestanmeginn svo við fórum upp hefðbundnu leiðina suðaustan frá. Frekar bratt er upp síðustu hundruð metrana og gott að styðjast við brodda og öxi upp á hinn eiginlega topp Íslands. Þegar hingað var komið mátti sjá margt og víða eins og ímynda sér má.

Og eftir stutta viðdvöl og mikla addáun á sköpunarverki meistarans, var ferðinni heitið á síðasta tindinn í þessari hringferð, Dyrhamar 1911m.

Við nyrðri enda Hvannadalshryggjar rís Dyrhamar tígulegur og skemmtilegur uppgöngu. Brattur og mjór hryggur, sem liggur frá rötum Hnúksins í norðri, varðar uppgönguleiðina á toppinn. Mjög bratt er á allar aðrar hliðar Dyrhamarsins og engar aðrar þekktar leiðir hafa verið skráðar. Það reyndist okkur vel að geyma skiðin ofarlega í brekkunni undir Hnúknum til að fá sem best rennsli til baka í átt að Sandfellsleiðinni og loka þar með hringnum. Það fylgir því óhjákvæmilega einhver ganga að komast að hinum löngu brekkum Sandfellsheiðarinnar, en það var alveg þess virði, og fátt er eins gaman og að skiða í slíkum brekkum og láta kvöldsólina lýsa sér leiðina í ljósaskiptunum niður á undirlendið.

Leið: Tindar Öræfajökuls.

Mesta hæð: Farið hæst upp í 2119m á Hvannadalshnúk.

Tími: 15-20 klst. Þinnig væri hægt að gista á leiðinni í tjöldum.

Fyrst farin: Þéstudaginn langa 1986 af Kristjáni Maack, Björgvini Richardssyni og Óskari Þorbergssyni.

Útbúnaður: Skiði og skinn, broddar og öxi, slænnur jóklabúnaður.



# Á slóðum Everest og fleiri merkra félaga

*eftir Katrínu Oddsdóttur*



Á gönguleiðinni til aðalbúða Everest. Fjallið Pumori sést vinstra megin við miðju.

Ljósmynd: Katrín Oddsdóttir

*Katrín Oddsdóttir og Anna Kristín Ásbjörnsdóttir fóru til Nepal í febrúar 1995 og voru í fimm vikur.*

Loksins var takmarkið í auglýsni. Eftir fimm daga tramp endalaust upp og niður hæðir og dali sáum við Mera Peak, tindinn okkar. Við fengum reyndar ekki að berja hann lengi augum því fljótlega var hann horfinn í skýin ásamt Everest og fleiri merkum félögum. Á sjötta degi sáum við fyrsta fjallið, Numbur, 6957 m. Þessi sýn virkaði eins og vítamínssprauta á gleði okkar og áhuga á að halda ótrauðar áfram. Sem við og gerðum, enda var eins og gangan yrði auðveldari með hverjum deginum sem leið. Engin fótameiðsl höfðu gert vart við sig og við vorum stálhraustar.

Áttundi dagurinn átti að verða síðasta kveðja til mannlegrar byggðar, því nú átti að halda á fjallið, þar sem það tæki okkur fjóra daga að ná toppnum. En margt fer á annan veg en ætlað er. Þegar við risum úr rekkju þennan bjarta en kalda dag, voru okkar kærur burðarmenn ekki lagðir af stað á undan okkur eins og vanalega, heldur spígsporðu þeir um eirðarlausir og hálfvandræðalegir. Fljótlega skýrðust þó málin. Burðarmennirnir

neituðu að fara lengra og án þeirra var ekki hægt að halda áfram. Þeir töldu fjallið of hættulegt vegna óvenjumikilla snjóþýngsla og allra veðra von í þetta mikilli hæð. Við áttum síst von á að það yrðu þeir innfæddu sem myndu gefast upp, og urðum að vonum öskureiðar. Við höfðum lagt allt okkar í þessa ferð og vorum ekki tilbúnar að gefast upp. Slegið var upp skyndifundi með leiðsögumanni og niðurstaðan varð annar tindur eða í rauninni tveir tindar. Imja Tse (Island Peak) 6189 m og Kala Pattar 5630 m. Burðarmennirnir létu af störfum og í stað þeirra komu jakuxar sem höfðu engar skodanir á ferð eða ferðatilhögun. Á 15. degi vorum við í fyrsta skipti á ævinni staddar í „base camp“. Þessi kom þó að engu leyti saman við þær hugmyndir sem við höfðum gert okkur af svona stöðum, því samkvæmt lýsingum fróðra manna voru þeir yfirleitt þéttskipaðir fólki sem þurfti að slást um tjaldpláss. Sú var þó alls ekki raunin hjá okkur þar sem við vorum aleinar um hituna og gátum valið besta stæðið.

Veðurguðirnir höfðu hingað til leikið við okkur, oft á tíðum einum um of þar sem hitinn átti það



Ys og þys á markaði í Namche Bazar.

Ljósmynd: Katrín Oddsdóttir

Neðst: Stóllurnar á tindri Island Peak.

Ljósmynd úr safni Katrínar

til að fara langt upp fyrir tuttugu stigin. En þegar hér var komið sögu, var byrjað að snjóa og hvesa og þar af leiðandi þurftum við að kúra í tjaldinu í rúman sólarhring, sem var kærkomin hvíld fyrir lúin bein. Sem betur fer styttaði upp um miðnætti og þá var ákveðið að leggja í hann. Það var vægast sagt áhrifamikið að hefja uppgönguna um miðja nótt og fylgjast með sólarupprás innan um öll þessi tignarlegu fjöll. Við ákváðum að sleppa „high camp“ og fara frekar á toppinn á einum degi frá „base camp“, en það þýddi rúmlega 1000 m hækkun. Uppganginn gekk vonum fram og eftir að hafa klifrað 50 m snjóbrekku í rúmlega 6000 m hæð, stóðum við loks á hryggnum sem átti að leiða okkur að toppnum. Þarna áttum við aðeins eftir um 20 m hækkun og kannski um 50 m göngu eftir hryggnum. Ánægjan yfir því að vera komnar þetta langt yfirvann alla þreytu, enda útsýnið stórkostlegt.

Hann var nú ekki mikill tindurinn okkar miðað við stóru systkini hans, sem stóðu þarna allt í kring. Þarna blöstu meðal annars við okkur Cho Oyu, Makalu, Ama Dablam, Lhotse og reyndar líka Mera Peak sem var, séð frá þessu sjónarhorni, þvítík hrúga. Ánægjan varð þó skammvinn þegar við áttuðum okkur á því að hingað færum við og ekki lengra. Til að komast á toppinn hefðum við þurft að hliðra eftir hryggnum, en fallið var 4–500 m beggja megin. Það var hálf grátlegt að þurfa að snúa þarna við steinsnar frá toppnum en ekki höfðum við áhuga á að hrapa þarna, því óvíst er að við hefðum gert það oftast einu sinni. Við settum því á okkur snúð, tróðum skottinu á milli lappanna og sigum niður.

Nú var stefnan tekin á útsýnishólinn Kala Pattar sem stendur við rætur suðurhlíðar Pumo Ri. Til að komast þangað er gengið eftir svokallaðri Everest „base camp“ leið, sem hundruðir „trekkara“ þramma ár hvert. Á leið okkar þangað komum við að stað sem minnti helst á kirkjugarð, nema þar voru engin lík, heldur aðeins vörður sem hlaðnar höfðu verið til minningar um þá sem aldrei snéru aftur úr leiðöngnum sínum á Mt. Everest.

Þarna í seinni hluta ferðarinnar voru sælgætisbirgðir leiðangursins þrottnar og neyddumst við til



þess að borga heilar 160 ÍSK fyrir eitt stykki Snickers, til að koma í veg fyrir fráhrifseinkenni vegna nammiskorts. Þrátt fyrir fátækt og frumstætt bændasamfélag, eru innfæddir með sælgætisþarfir vesturlandabúans á hreinu.

Við ákváðum að fara einar á Kala Pattar og tilkynntum við því leiðsögumanni okkar að hann fengi frí þann dag. Það ætlaði þó að ganga erfiðlega að koma þeim í skilning um að okkur væri alvara. Þeir virtust hafa litla trú á að okkur, fjalladísunum frá Íslandi, tækist að rata um ókunn svæði Himalaya. Og í þetta sinn komumst við á toppinn. Þar blasti hún við okkur, Móðir Alheimsins í allri sinni dýrð, ásamt Nuptse og Pumo Ri.

Nú var ætlunarverki okkar lokið og ekkert eftir nema koma sér aftur til Kathmandu þar sem til stóð að feta í fótspor hins hefðbundna túrista og arka milli minnisvarða og merkra staða með myndavél um hálsinn. □







Frá Nepal. Ljósmynd: Katrín Oddsdóttir



# Austurgrænlandsk þelamerkursveifla

eftir Karl Ingólfsson



Loðnufjörður skartar sínu fegursta. Ljósmynd: Karl Ingólfsson

Skíðaferð til Grænlands virtist ekki verri hugmynd en hver önnur. Það var samt einhver óraunveruleikablær yfir því að líða um þetta draumalandslag íss, fjarða og fjalla, á hundasleða, eftir aðeins tveggja tíma ferð frá Reykjavík. Við Per flugum með Helga Jónssyni til Kulusuk og vorum nú á norðurleið eftir ísilögðum sundum austan Angmagssalikfjarðar til bæjarins Kungmiut við norðanverðan fjörðinn. Síðustu 15 kílómetrana fórum við á hraðbáti sem beið okkar þar sem ísinn þraut.

Í Kungmiut hittum við eldhressan Borgundarhólmar, — sagðist heita Axel og vera kennari í grunnskóla bæjarins. Hann bauð okkur umsvifalaust að gista hjá Uffe starfsbróður sínum og merkilegt nokk, Uffe tók því vel og reyndist tilbreytingunni feginn. Eftir langan vetur þarna í fámenninu voru menn víst farnir að verða uppiskroppa með umræðuefni.

„Hann kundi reyndar ekkert að beygja og ferð hans endaði með margra tuga metra rassaköstum inn á milli húsa, manna og yfirráði sleðahunda.“

Það er ekki auðvelt að átta sig á þessu þjóðfélagi. Grænlandingar lifa í tveimur heimum sem virðast lítið eiga sameiginlegt. Líkt og maður sem stendur klovvega á tveimur jökum sem hvor fyrir sig getur ekki haldið þunga hans. Það neysluþjóðfélag sem þarna er til staðar stendur í raun ekki undir sér, atvinnuleysi er mikið og ekki verður horfið til fyrri lífshátta.

En lífið gengur sinn gang og Grænlandingar eru miklir spaugarar. Þrjóti grínið er hinsvegar á hverju heimili fjölbreytt úrval handverkfæra sem duga til ferðar í sælli veröld. Slík afföll reiknað út frá þjóðlegri höfðatölureglu jafngilda því að frá goslokum væru allir Vestmannaeyingar gengnir fyrir ætternisstapa — án þess þó að nokkur þeirra hefði orðið sóttar- eða ellidaður. En ekkert svartsýnisraus. Fyrir ofan Kungmiut eru magnaðar skídaleiðir og þar sem við dvöldum þar nokkra þokudaga í góðu yfirlæti hjá Uffe fékk bæjarbrekkan sífellt meiri þelamerkureinkenni. Að endingu gaf sig fram innfæddur skíðamaður á





Skíðað niður í Loðnufjörð. Ljósmynd: Karl Ingólfsson

vönduðum keppnissvígskíðum. Kjagaði hann með okkur langt upp í hlíð og renndi sér síðan í gríðarlegu bruni niður alla brekkuna. Hann kunni reyndar ekkert að beygja og ferð hans endaði með margra tuga metra rassaköstum inn á milli húsa, manna og ýlfrandi sleðahunda.

Það er fluttur margraddaður konsert á hverju kvöldi í grænlenkum veiðimannabæjum. Samleikur hundruða gólandi hunda í norðurljósbjartri tunglskinsnótt. Rafstöðin malar sitt vélræna söngl á milli atriða.

Axel flutti okkur á hundasleða sínum eins langt og ís náði norður frá Kungmiut. Þegar sleðafæri þraut öxluðum við niðþunga herðakistlana, skárum okkur leið gegnum þungan blautan snjóinn og bölvuðum því að vera ekki með púlkur. Ég hugsaði um þverhausinn Amundsen sem fyrir hundrað árum skrifaði að menn væru óhagkvæm burðar- og dráttardýr. Hann hlýtur að hafa fengið þessa vitrun við viðlíka aðstæður og þetta. Ferðalag á hundasleða virtist nú vera fjarlægur munaður.

Daginn eftir var þokan ennþá svartari. Drunurnar frá snjóflóðunum bergmáluðu á milli fjallanna og við ákváðum að vera um kyrrt og gera okkar besta til að létta á vistunum.

Á fullu tungli í lok maí gengur loðna, *ammassat*, inn fjörðinn. Þá er ýtt á flot hverjum einasta kopp



Hundaeyki undir Þríburunum. Ljósmynd: Karl Ingólfsson

og allir sem geta valdið háf eða netstúf fara að mynni Tasilaqfjarðarins og moka upp loðnu. Við litum inn í einn veiðikofann. Það var ákveðinn menningarauki að geta komið inn úr rigningunni og lesa Rapport og Family Journal frá fyrra ári.

Daginn eftir gengum við inn eftir Tasilaqfirðinum. Við vorum farnir að venjast snjóflóðadrunum og einungis fá flóðanna náðu út á ísinn. Ég lít um öxl og sé að Per er stoppaður og hefur





Löðnufjörður, „Skiklattring“. Ljósmynd: Karl Ingólfsson

stungið upp þumalfingri. Skömmu síðar sitjum við á hundasleða veiðimanns sem er á leið í silung í ísilagðri sprænu undir granítstáli Þríburanna. Annar grænlandingur var þar fyrir og við sömdum okkur þegar í stað að þeirra háttum, beittum plastpokabút á öngul eða húkkudum þá titti sem ekki bitu á sjálfviljugir. Fljóttekinn kvöldmatur.

Morguninn eftir köstuðum við kveðju á veiðimennina og skiðudum upp tvo bratta skriðjökla. Við bundum okkur saman á þeim seinni og það var greinilegt að 5,5 mm lína er mun betri en engin, í það minnsta andlega. Til þess að komast á tindinn þurftum við að fara yfir slæma snjóflóðabrekku með nýlegum flóðum. Ég fór á undan og það passaði, næsta flóð kom rétt á hæla Pers. Það hefði verið slæmt að sjá á eftir honum með flóðinu fram af klettunum, — hann var á næstum nýjum skiðum!

Eftir hefðbundið streð náðum við 1800m háum tindinum, Qaqarssuaq, og hreinlega góndum úr okkur glyrnurnar. Tindar!! Þetta var ekki landslag sem samanstóð af hefðbundnum fjallshryggjum, fjallaklössum eða skögum, þetta var tindalands

lag. Rétt eins og einhver hefði dreift Toblerone molum yfir ístertu. Aðeins lítill hluti þeirra átti sér nöfn og flestir eru sjálfsagt ófarnir.

Í vestri sá yfir meginjökulinn, „allt of langur og leiðinlegur“ sagði Per, tók upp sjónaukann og rýndi vestur yfir þessa hvítu flatneskju og krosssprunginn bláan Heleimajökulinn norðan

Sermilik fjarðar. Yfir hann færi ekkert óvængjað. Merkillegt hvað verður alltaf lítið úr jafnvel svona háum fjöllum þegar maður skiðar niður.

Daginn eftir var aftur komin þoka og áætluð um skiðun upp falljökulinn norðan Þríburanna var lögð

til hliðar. Kannski var það eins gott því við vorum rétt lagðir af stað suður þegar mjög fráhrindandi drunur bárust frá jöklinum, við tókum þær sem kveðju. Þoka hindraði síðan alla fjallaútdúra á bakaleiðinni að kjötkötum Uffe. „Sá“ sagði Uffe, „úlfarnir aftur komnir í frystikistuna mína“. Við gerðum út í allnokkra dagstúra frá Kungmiut. Við einbeittum okkur að fjöllum sem hægt er að skiða.

„Ég fór á undan og það passaði, næsta flóð kom rétt á hæla Pers. Það hefði verið slæmt að sjá á eftir honum með flóðinu fram af klettunum, — hann var á næstum nýjum skiðum!“



Per Olov Vikberg með Swaizerland við fætur sér.

Ljósmynd: Karl Ingólfsson

Athugasemd:

Ritnefnd þykir Per hafa glufrast full langt á hengjuna, hann er líklega góðum 1.5 metra of utarlega! Per sér það eflaust ekki þar sem hann stendur, en Karl hefur eflaust tekið eftir því.....

aftan við bátinn og brotnaði þannig að íshröngli rigndi yfir okkur. Eftir nokkra tíma bið fór heldur að losna um ísinn og eftir streð og stjakanir tókst okkur að troðast til baka til Kungmiut og Uffe eldaði enn eina steikina. Axel lýsti yfir vantrú á sinni siglingarkunnáttu og úr varð að grænlenksi þúsundþjalasmiðurinn Karl Christian tók að sér formennsku á bát hans.

Við lögðum í ánn síðla kvölds, skoppuðum út auðan fjörðinn en rétt dóluduð þegar í isinn kom. Í frostillunni hemaði á milli jakanna og gyllt fjöll og jakar stóðu á haus í svarbláum sjó. Að endingu komum við að íshellunni norðan Kulusuk. Karl Christian botnaði utanborðsmótórinn og bátskelin braut sér leið nokkra metra inn eftir ísnum en klifraði loks upp á. Hann drap á vélinni. Við settum skíðin á ísinn og spenntum þau á okkur áður en við öxluðum bakpokana. Það er sálar slitandi að vera á ótraustum ís og vera stöðugt að „gera sig léttan“. Stíga kinnfiskasoginn

Á þelamerkurskíðum er yfirferð á sléttlendi mikil. Uppgangan er einnig til muna auðveldari en á fjallaskíðum. Í þungu vorfrauði er líka auðveldara að „telemarka“ og yfirleitt fara vanir „telemarkarar“ allar brekkur sem á annað borð eru skíðaðar í fjallaferðum.

Við skíðuðum á sólgljáandi tindana einn af öðrum. Nöfn þeirra skuldu til um leið og kortið var brotið saman og tilburðir okkar til að bera þau fram þegar til bæjarins kom þóttu ekki leiðinlegir. Axel bauðst til að skutla okkur áleiðis til Kulusuk á bát sínum. Ekki varð sú ferð hinsvegar til fjár.

Í viðleitni okkar til að ná landi höfðum við siglt inn í þéttan ís sem skyndilega tók á rás, læsti sig utan um bátinn og við komumst hvergi. Straumar báru okkur fram og aftur og gnastið í ísnum var enginn svanasöngur. Jaki reis upp á rönd rétt

„Það er sálar slitandi að vera á  
ótraustum ís og vera stöðugt að  
„gera sig léttan“. Stíga  
kinnfiskasoginn fislétt niður fæti  
og skauta svo eins og maður hafi  
Pestina á hælunum“

fislétt niður fæti og skauta svo eins og maður hafi Pestina á hælunum. Við náðum að húsi Helga uppúr miðnætti og á þeim tveim dögum sem við biðum eftir flugi tókum við út árskvóta okkar af sjónvarpsglápi í gerfihnattabænum Kulusuk.

Þetta ásamt ótalmörgu öðru gerðist á þremur vikum í maí 1994, — tveimur tímum vestan við Reykjavík.

Ferðafélagi Karls var Per Olov Wikberg. □



# Buoux og aðrir heitir klettur frakka

Árni Gunnar Reynisson  
tók saman



Björn Baldursson í Presles. Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson

Í þessari grein ætla ég rekja sögu Buoux sem er að mörgu leyti áhugaverð bæði sagnfræðilega og klifurlega. Einnig ætla ég fjalla stuttlega um önnur áhugaverð klifursvæði í Suður-Frakklandi en þau eru mörg, bæði stór og smá. Eg vona að þessi grein hjálpi þeim sem hyggja á klifur í frönsku klifurborgunum, til að eiga þar góða daga og njóta þess besta sem frönsk klifurmenning hefur upp á að bjóða.

## Saga Buoux

Buoux er gróðursæll dalur og í honum miðjum rennur áin Vacance og þar eru klettaveggir á þrjár hliðar og er l'Aiguebrun veggurinn stærstur þeirra. Hann er hæstur um 100m hár og um 1200m breiður. Bergið er úr 25 milljón ára gömlum sjávarsetlögum sem samanstanda af blöndu úr sand- og kalksteini. Bergið er mjög holótt en þessar holur eru að hluta til eftir steingerð sjávardýr sem síðar hafa rofist úr berginu.


Búið hefur verið í hellum í dalnum síðan á miðsteinöld en á 6. öld fyrir krist reistu Keltar virki uppi á veggnum sem snýr andspænis l'Aiguebrun en það var eyðilagt á 9. öld. Á tímabilinu frá 12. til 15. aldar endurreistu mótmælendur virkið. Var það mjög rammgert og vörðust þeir þar í trúar-

stríðinu. Árið 1660 fyrirskipaði Lúðvík 14 að rífa niður virkið. Mótmælendur voru hraktir burt eða handsamaðir og árið 1685 voru þeir allir flúnir. Nú sjást aðeins rústir virkisins. Í aðalveggnum má sjá leifar mannabyggðar síðan á miðöldum eins og hellinn í „le Pilier des Fourmis“ (ísl. Súla mauranna). Við rætur klettanna voru einnig reist grafhýsi. Einu ummerki eftir þessi grafhýsi eru ferkantaðar holur neðst í þeim vegg sem nú er nefndur „Scorpion“ veggurinn, þær voru höggnaðar inn til að halda uppi þaksperrum. Nú eru þessar holur notaðar í klifurleiðum. Í miðjum aðalveggnum og á fleiri stöðum voru námavinnslur og grjót tekið til húsbygginga. Ummerki eftir allar þessar mannabyggðir má sjá greinilega þegar klifrað er í dalnum.

## Aðkoma og leiðaval

Til að komast til Buoux er best að fara til Apt. Þar er ágætt tjaldstæði, allar nauðsynlegar verslanir og þjónusta. Buoux dalurinn er svo 8 km sunnan við Apt. Í Buoux er hægt finna leiðir af öllum gráðum en flestar eru þær af gráðunni 6a til 7b. Klifrið í Buoux einkennist mikið af klifri á köntum og litlum holum, bæði jafnvægisleiðir og yfir-





Björn Baldursson klifrar Salsa 6c+ í Buoux.

Ljósmynd: Árni G. Reynisson

hangandi úthaldsleiðir. Leiðirnar í Buoux geta verið mjög misjafnar. Þú getur fundið þær bestu og líka þær verstu leiðir sem þú klifrar á ævinni í Buoux. Hér á eftir kemur listi yfir nokkrar leiðir sem ég get mælt með:


Baston général 6a, Ramboutan farcis 6a/b, Blue tomate 6b, La jonction 6b+, Que fait la résistance 6c, Des verts pépères 6c, Camembert Fergusson 6c/7a, T.C.F 7a, Rose des sables 7a og No mans land 7a+, einnig flestar leiðir í Fakir og Excalibur-veggnum.

Þó að Buoux sé stórt svæði og bjóði upp á margar góðar leiðir þá eru yfir 50 önnur svæði í Suður-Frakklandi og mörg þeirra mjög áhugaverð sem vert er að líta á, enda ekki að ástæðulausu að Suður-Frakkland er oft kallað „mekka sportklettaklifurs“.

## Klifursaga Buoux

Þegar farið var að klifra í dalnum árið 1958, gekk hann undir nafninu „Dauðadalurinn“. Þessa nafngift fékk hann út af grafhýsum sem minnst var á hér á undan. Fyrst var klifrað í sunnanverðum dalnum en klifur í sjálfum l'Aiguebrun veggnum byrjaði upp úr 1965, þegar belgíski klifrarninn Pierre Gras og félagar klifruðu nokkrar leiðir, eins og „Le Pilier des Fourmis“. Árið '68 kom önnur kynslóð klifrara með betri fleiga, einnig smíðuðu þeir bolta og gerðu leiðir eins og „La Volière“, „La Gougousse“ og „Le Fakir“. Upp úr 1970 einbeittu klifrarar sér að því að gera leiðir í neðri hluta veggjarins. Þær voru klifraðar án þess að notast við stigaklifur og tryggðar með boltum. Á þessum tíma komu leiðir eins og „Sex Pistol“, „P.G.F.“, „Salinas“ og „Transat“.

Um 1980 varð enn ein breytingin í Buoux eins og víðar. Klifrið þróaðist meira sem íþrótt og út í sportklettaklifur. Nýir klifrarar komu og sigrðu gömlu vandamálin, eitt af öðru. Síðastu spanninarnar í „Le Pilier des Fourmis“ (gráðuð 7a) og „La Gougousse“ (7a/b) voru fríklifraðar. Gráðurnar hækkuðu með „Viol de corbeau“ (7b+) gerð af Pat-



Árni Gunnar í Buoux. Ljósmynd: Björn Baldursson

Claret

Mon





rick Edlin-  
ger. „L'Autoroute  
de soleil“ (7c) gerð af  
Laurent Jacob. Hróður  
Buoux barst um klifurheiminn  
og aðsókn jókst. Árið '82 gerði P.  
Edlinger nokkur fræg „a vue“ (fyrirvara-  
laust) á leiðum eins og „No man's land“ (7a+),  
„Cap'tain Crochet“ (7b) og „Polka des ringards“  
(7c) og sama ár var myndin „La vie au bout des  
doigts“ gerð með honum. Leiðir í vesturveggnum  
voru flestar gerðar upp úr '82 af J. B. Tribout,  
Fabrice Guillot, Laurent Jacob og bræðrunum  
Antoine og Marc le Ménestrel og voru með erfið-  
ustu leiðum í dalnum. Í febrúar '83 gerði P. Edlin-  
ger leiðina „Ca glisse au pays des merveilles“ í  
Confines veggnum, og var það fyrsta 8a leiðin í  
dalnum en hún var ekki lengi sú eina, stuttu  
seinna gerði Marc le Ménestrel hina frægu „Réve  
de Papillon“ (8a) (ísl. þ.: Draumur um fíðrildi) þá  
aðeins 15 ára gamall. Páskarnir '83 voru svo mjög  
afdrifarikir fyrir staðinn. Aðsóknin náði hámarki,  
talið var að það hafi verið um 1000 gestir í dal-  
num. Því fylgdu mörg vandamál sem reynt var að  
leysa úr, eins og skortur á bílastæðum, tjald-  
stæðum og rusl. Á endanum var gerður samn-  
ingur milli Frönsku klifursamtakanna og yfir-  
valda um varðveislu dalsins sem hafði í för með  
sér að nú er bannað að klifra í Confines og vestur-  
veggnum í l'Aiguebrun.

Árið '85 kom hinn ötuli franski klifrari Bruno Fara  
í dalinn og klifraði um 60 nýjar leiðir og opnaði

ný  
svæði,  
að mestu leyti  
einn. Hann hefur einnig átt stóran þátt í að  
endurbolta leiðir með öðrum klifrurum. Fyrstu 8b  
leiðirnar komu '85 í „Bout du Monde“ veggnum:  
„Choucas“ gerð af Marc le Menestrel, „la Rose et  
le Vampire“ 8b gerð af Antoine le Menestrel og  
„Tabou Zizi“ 8b gerð af J. M. Troussier. Þessar þrjár  
leiðir eru einna frægastar úr dalnum og þykja  
góður prófsteinn fyrir klifrara. Antoine gerði svo  
fyrstu 8b+ leiðina „la Rage de Vivre“ sem er  
samblanda af tveimur leiðum, „la Rose et le  
Vampire“ 8b og „la Secte“ 8a+ og eru klifraðar í  
einni spönn. Þegar fyrsti heildarleiðarvísirinn  
kom út '87 voru 270 leiðir í Buoux en nú eru um  
420 leiðir í dalnum.

Í lok áttunda áratugarins gerðu Bretarnir Ben  
Moon og Jerry Moffat garðinn frægan með því að  
endurtaka margar erfiðustu leiðir í Buoux. Jerry  
Moffat klifraði t.d. „la Rose et le Vampire“ 8b  
fimm sinnum í röð án hvíldar, en það hefur ekki  
ennþá verið leikið eftir. Ben Moon gerði  
„Azincourt“ fyrstu 8c leiðina í Frakklandi, stuttu  
eftir að Þjóðverjinn Wolfgang Gullich hafði farið  
fyrstu 8c leiðina í heiminum, „Wall Street“ í  
Frankenjura. Leiðin „Chantier“ sem Marc le



„Le Canal“ í  
Orgon, eitt  
besta  
æfingasvæði  
Frakka.  
Ljósmynd:  
Þórarinn Pálsson



Ménestrel hefur verið að vinna í mun halda Buoux áfram í fréttum en hún er talin vera 9a. Ben Moon hefur reynt við þessa leið en ekki komist hana. Hann gafst þó ekki upp, gerði mót af gripunum í leiðinni til að æfa hana heima. Árið '92 kom svo góður tékkneskur klifrari sem sagðist hafa farið „Chantier“; klifurblöðin gleypu við þessu en þegar taka átti myndir af honum í leiðinni komst hann ekki eina hreyfingu, hann dró svo allt til baka nokkrum mánuðum seinna, þannig að „Chantier“ er enn ófarin ef einhver hefur áhuga. Nú í dag biður stórt verkefni frönsku klifursamtakanna að gera við útslípaðar leiðir. Svo að Buoux verði áfram sú klifurparadís og verið hefur fyrir næstu kynslóðir.

## Orgon

Orgon er stórt svæði með yfir 200 leiðum. Aðalsvæðið er dalur, skammt frá ánni Durance með nokkrum litlum veggjum á þrjár hliðar sem klifrað er í, en í mynni dalsins er tjaldstæði sem gott er að dvelja á. Í Orgon er mikið úrval af góðum byrjendaleiðum en flestar leiðirnar eru jafnvægisleiðir fyrir utan einn helli með erfiðari slútandi leiðum. Rétt fyrir sunnan dalinn er svo „le Canal“ veggurinn sem tilheyrir Orgon. Í „le Canal“ veggnum eru margar langar skemmtilegar slútandi leiðir og einnig nokkrar lóðréttar leiðir. Leiðirnar eru frá 6a upp í 8c, en flestar eru þær af sjöttu gráðu. Í framtíðinni á örugglega eftir að koma leið þar af níundu gráðu. Sólin skín á Canal vegginn fyrir hádegi og er þar því gott sumarsvæði en yfir háveturinn er oft mikill raki í


veggnum sem kemur frá Durance ánni. Orgon er 3–8km vestan við Apt og klifursvæðið er alveg við smábæinn Orgon.

## Volx

Volx hefur verið einn af mínum uppáhaldsstöðum í Frakklandi. Aðalsvæðið í Volx er stór hellisskúti með um 25 leiðum frá 6c og upp úr, en erfiðasta leiðin er 8c+ gerð af J. B. Tribout. Norðan við skútann eru svo nokkrir veggir með léttari leiðum. Volx er kannski ekki fallegasta svæðið sem má heimsækja en leiðirnar standa fyrir sínu. Með stórum slípuðum vösum í allt að 45 gráðu slútum. Volx hefur verið mjög vinsælt æfingasvæði og hefur stundum verið nefnt „stærsti náttúrulegi leikfimisalurinn“ en flestar leiðirnar eru í skjóli fyrir rigningu. Eftir góðan klifurdag í Volx getur verið gaman að koma við á bæjarbarnum og horfa á eldri borgarana spila „Boja“. Klifursvæðið er í hlíðunum fyrir ofan bæinn Volx sem er 47 km vestan við Apt.


## Cimai

Cimai er sunnarlega eða 12km fyrir norðan hafnarborgina Toulon og er eitt af stærri svæðunum í




Yfirlitsmynd; Cimai. Ljósmynd: Á.G.R.





Björn Baldursson í Youpala 8a+ í Volx.  
Ljósmynd: Stefán S. Smáráson



Árni Gunnar í kröppum dansi í Cimai; „Williwaw“ 7a+  
Ljósmynd: Stefán S. Smáráson

Frakklandi með um 200 leiðum. Veggurinn, sem er að hluta til leifar stórra steinnáma, er með eins til þriggja spanna leiðum í 90–110 gráðu halla, en flestar leiðirnar einkennast af klifri á þunnum köntum sem lítillega eru byrjaðir að slípast. Vegna nálægðar við Miðjarðarhafið verður alltof heitt fyrir klifur á sumrin, en klettarnir snúa allir í hásuður. Besti tíminn fyrir klifur í Cimai er frá byrjun nóvember til loka mars en Cimai er einmitt frægt fyrir það að það fyllist af Þjóðverjum um jólin.

### Calanques

Calanques eru sjávarklettar milli stórborgarinnar Marseille og ferðamannabæjarins Cassis.

Calanques er eitt af fallegustu klifursvæðum í Frakklandi og þar ættu allir að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi, ef ekki, þá legið í sólbaði við ströndina. Calanques skiptist í sex aðalklifur-

svæði, sem eru með hátt í sextíu minni klettaþyrpingar, þannig að ef þú ætlar að kynnst öllum svæðunum, þá er mikið verk framundan. Sum af svæðunum eru gömul og mikið notuð og bergið því ansi slípað eins og í En Vau en þar voru fyrstu leiðirnar farnar 1935 og hafa menn eins og G. Rébuffat lagt þar leiðir. Í En Vau er hinsvegar góð sólbaðsströnd.

Luminy svæðið er eitt það vinsælasta í Calanques með tíu misstórum klettaþyrpingum. Bílnum er þá lagt hjá Luminy háskólanum. Frá bílastæðinu er 30 til 45 mínútna gangur til flestra svæða og get ég mælt með tveimur sem ég hef klifrað á, „Socle de la chandelle“ og „Paroi des toits“ eru góð. Stutt frá því síðarnefnda er nektarnýlenda ef einhver hefur áhuga. Öðrum svæðum í Calanques hef ég ekki kynnst og get því lítið sagt um þau. En eins og í Cimai þá verður mjög heitt í Calanques yfir sumarið.





Björn Baldursson í Céúze; Privilège du Serpent 7c+. Ljósmynd: Þórarinn Pálsson

## Claret

Claret er nýlegt svæði í Suður-Frakklandi sem nýtur mikilla vinsælda. Þar eru um 150 leiðir í einu breiðu klettabelti sem er 15–25m hátt. Flestar leiðirnar eru frá 6a til 7c. Þar sem stutt bil er á milli leiða hefur verið vinsælt að reyna fyrirvara-laust (on sight) klifur. Klettarnir eru rétt fyrir ofan smábæinn Claret sem er um 30km fyrir norðan borgina Montpellier. Í nágrenninu eru svo tvö áhugaverð svæði sem vert er að skoða, það eru Russan og Seynes.

## Verdon

Verdon gljúfrið er eitt stærsta svæðið og er talið með aðalklifursvæðum heims ásamt Buoux, Frankenjura, Yosemite og Smith Rocks. Gljúfrið er 30km langt og þar eru yfir 600 leiðir. Margar þeirra eru um 200 metra langar en einnig er nokkuð af styttri leiðum. Bergið í Verdon er mest grár kalksteinn og hand- og fótfestur eru dropaholur sem klifrað er í. Eitt er varasamt við Verdon: Margar leiðir byrja í miðjum vegg sem síga þarf niður í. Ef ekki næst að klára leiðina getur verið mjög erfitt að flýja úr henni, því sigakkeri ná ekki alltaf niður í gljúfurbotninn og ef þú kemst þangað bíður þín löng ganga upp úr giliinu. Yfir háveturinn verður of kalt að klifra í Verdon.

## Céúze

Céúze er í 2000m hæð skammt frá skíðabænum Gap sem er í Suður-Ölpunum, og er mjög gott svæði, sérstaklega ef flýja á sumarhitann. Céúze


hefur oft verið nefndur „veggurinn fyrir árið 2000“. Það er að hluta vegna erfiðrar aðkomunnar, en það tekur klukkutíma að ganga upp að veggnum. Heldur það fólksfjöldi í skefjum. Einnig er frekar langt á milli bolta þannig að það er betra að hafa flugskirteinið með sér! En í heildina er klifrið mjög gott. Stutt frá Céúze er svo nýtt svæði sem heitir Ventavon (ísl. Von um vind) og er vert að líta á það.

Nokkur önnur svæði sem eru í Suður-Frakklandi og vert er að líta á eru: Chateau Vert, Dentelles de Montmirail, Sisteron, Orpiere og Presles sem er með mörgum 200m löngum boltuðum leiðum. Besti árstíminn fyrir klifur í Suður-Frakklandi er snemma vors og seint á haustin. Sumrin eru alltof heit

nema þá helst í Céúze og öðrum stöðum sem rísa hátt yfir sjávarmáli.

Yfir vetrartímann geta verið góðar klifuraðstæður suður við Miðjarðarhafið, í skjóli fyrir „Mistral“ vindinum svonefnda. Annars er það svæðisbundið hvaða árstími er hentugastur. Eitt skal þó hafa í huga, það er að forðast að skilja eftir verðmæti í bílum því töluvert er um þjófnaði í Suður-Frakklandi og þá sérstaklega í Calanques, Cimaí og Verdon.

Svo ef þú verður þreyttur á íslenska vetrinum og klæjar í fingurgómana, þá er ekkert annað að gera en skella sér til S-Frakklands, fá sér raudvín og osta, og klifra allt skinn af fingrunum. □



Léttar upphitunaræfingar í Dentelles de Montmirail.

Ljósmynd: Árni G. Reynisson



# Pelabúnaður

*eftir Eldar Heide*



Tómas Grønvaldt leggur í ann niður Jökulgilstinda. Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon

## Almennt

Þelamarkursveifla er tækni við svig á gönguskíðum. Helsti munurinn á svigi og þelasveiflu er skrefskipti (neðra skíðið fært fram í beygjunni, þ.e.a.s. ytri fóturinn er framar með mesta þungann) og aftari hælum er lyft (mynd 1). Maður sem kann þelasveiflu þarf ekki nema einn skíðaútbúnað til alhliða skíðaiðkunar. Það er hægt að nota sömu skíðin í troðnum brekkum og í skíðagöngu. Mér finnst það helsti kosturinn, að með þessum útbúnaði er auðveldara að breyta til, maður er frjálsari.

Þelasveiflan er nefnd eftir Þelamörk í Noregi, af því að Þilir voru bestir manna á skíðum á 19. öld, þegar nútíma skíðaiþróttir komu til sögunnar. Sondre Norheim var sérstaklega góður og langfrægastur kappi á sinni tíð. Hann fann upp „gormabindinguna“, um miðja 19. öld, – strengdi viðju aftur fyrir hælinn og hann fór fyrstur að hefla skíðin mjórri á hliðunum (1870).

Sondre Norheim fann ekki upp sveifluna, en hann kom henni á framfæri. Um aldamótin tíðkaðist hún víða í Evrópu, en þegar leið á þessa öld lagðist hún niður vegna þróunar svigútbúnaðar, og gleymdist svo nær alveg. Að vísu var hún þekkt meðal reyndra fjallgöngumanna í Noregi, en hún var ekki í hávegum höfð. Snemma á 8. áratugnum fóru hlutirnir svo að gerast. Í Crested

Butte í Colorado leiddist nokkrum Bandaríkjamönnum „gervilimirnir“ sem maður er í á svigskíðum, þá langaði í eitthvað annað, og „enduruppgötvuðu“ þelamarkursveifluna. Nú er hún mjög vinsæl í Norður-Ameríku en þó sérstaklega á Norðurlöndum. Á mörgum skíðasvæðum í Noregi eru nær jafn margir þelamarkursveiflarar og svigskíðamenn. Þessi tækni er einnig „skylda“ í gönguskíðaferðum.

## Hvað þarf?

Í raun þarf bara skó og skíði með bindingar sem leyfa hælum að lyftast. Það er hægt að ná sveiflunni á mjóum, léttum gönguskíðum, en það er nokkuð erfitt. Á skíðasvæðum þarf ekki endilega stafi; í Noregi er nokkuð vinsælt að renna sér bara með kræklóttan lurk, í vaðmálsbuxum. Það er „kúl“. Auk þess er það góð æfing, en stafi þarf ef maður ætlar að ganga á skíðunum, t.d. upp á tinda. Það er kostur að vera með skíði með stálkanta og „bug“ þ.e.a.s. mikið inndregin um miðjuna, 75mm skó sem ekki eru of mjúkir og með traustar „rottufellur“ eða gormabindingar.

## Skíði

Skíðin eru mikilvægust, það eru þau sem allt veltur á. Kaupu frekar dýr skíði en dýra skó (varaðu þig bara á sambandinu þungum skíðum og mjúkum skóm). Á rennisskíðum ráða spenna



mynd 1



og  
bugur beygju-  
eiginleikum algjör-  
lega.

### Bugur

Þegar maður kantar skíði með mikinn bug fylgir skíðið bog-  
anum í þeirri hlið sem er þrýst í  
snjóinn, þ.e.a.s., það beygir af sjálfu  
sér. Ef hliðin á skíðinu er hins vegar  
bein, þá verður maður að þvinga  
það.

### Spenna

Þegar þungi kemur (í miðjuna) á  
mjúku skíði með jafna spennu beygist  
það þannig að bogi myndast, öfugur  
spennuboganum. Þegar þessi „ruggu-  
stólsmeiður“ er kantaður (hallaður)  
beygir hann, eins og hjól. Þessir tveir  
bogar, bugurinn og álagsboginn  
starfa saman að því að beygja  
(mynd 2). Þess vegna eiga  
beygjuskíði að vera með mikinn  
bug og jafna, ansi mjúka  
spennu. Þetta er kallað ein-  
spenna – það er bara ein, jöfn  
spenna. Gönguskíði eru ekki með ein-  
spennu.


Í skíðagöngu þarf gripáburð (eða riffflur), til að  
komast upp brekkur, en gripáburðurinn rennur  
illa (riffflur enn verr). Þess vegna eru gönguskíði  
með áburðarvasa: skíðamiðjan (þar sem áburður-  
inn er) á að vera það stíf að áburðurinn þrýstist  
ekki í snjóinn þegar maður stendur á báðum  
skíðum samtímis. Þunginn hvílir þá á endunum.  
Þegar maður spyrnir, þrýstist miðjan hins vegar  
alveg niður, því þá er þunginn allur á því skíði  
einu. Misjöfn spennu gönguskíðis (mjúk á endun-

um, stíf í miðjunni) er kölluð tvíspenna. Ef maður  
ber gripáburð undir skíði sem eru ekki með áburð-  
arspennu renna þau ekki bara illa, heldur eyðist  
áburðurinn líka fljótt, af því að miðjan nuddast  
stöðugt við snjóinn. En rennslisskíði eru ekki  
ætluð til að bera undir – upp brekku kemst maður  
með lyftu eða á skinum.

Mjallarskíði eru sérstaklega mjúk. Í djúpri mjöll er  
erfiðara að beygja, því skíðin sökkva í kaf. Mjúkt  
skíði beygist, af því maður stendur á miðju þess,  
og myndar stóran álagsboga, sem beygir þegar  
honum er hallað. Stífar spýtur stingast bara beint  
í snjóinn og veita enga hjálp.

Á hörðum snjó grípur einungis miðkaflí mjúkra  
mjallarskíða. Gripi verður því áfátt og endarnir  
vilja vindast og titra og skemma þannig það grip  
sem miðkaflinn nær. Á hörðu færi er betra að vera  
á stífum skíðum sem bíta með allri lengd sinni.  
Vönduð skíði eru jafnan vindustíf og gildir það  
jafnt um mjallar- og brautarskíði. Endarnir á  
vindumjúkum skíðum vinda sig í staðinn fyrir  
að gripa þegar þeim er þrýst að hörðum snjó  
eða ís.

mynd 2



### Skíðategundir

Af þessu leiðir mismun á skíðategund-  
um:

#### •Gönguskíði

Mjó, létt, stíf tvíspenna, oftast enginn  
bugur, ekki stálkantar.

#### •Ferðaskíði

Breiðari (50–55mm í miðjunni), ein-  
hver bugur (um 10mm), tvíspenna,  
stálkantar.

#### •Þelamerkurskíði

#### •Mjallarskíði

Mjúk, jöfn einspenna (nærri því villandi  
að tala um spennu, þau eru alveg flöt)  
mjög breið (allt að 85mm á skófluna) til þess  
að fá flöt í mjöllinni, mikill bugur (um 20mm)  
og stálkantar.

#### •Alhliða þelaskíði

til að renna sér bæði í troðnum brekkum og á  
fjöllum: Breið, nokkuð mikill bugur (15–18mm),  
jöfn, ansi stíf einspenna, vindustíf, stálkantar.  
Nýjust í þessum flokki eru blendingsskíði, jafn  
breið og mjallarskíðin (eða ennþá breiðari) en  
samt með stífari spennu fyrir harðan (troðinn)  
snjó, eins og brekkuskíði. En þau eru það breið og  
þung að erfitt er að nota þau án hárra, stífra skóá  
sem erfitt er að ganga í.



•**Keppnisskíði:**

Jöfn, stíf einspenna, vindustíf, breið, bugur í meðallagi (10–15mm), stálkantar. Þetta eru eiginleikar fyrir harðan snjó, ís og háa plastskó.

•**Alhliða skíði**

Fjallaskíðaganga og rennsli: Skíðin sem flestir vilja, en þau er í rauninni ekki hægt að framleiða, því í skíðagöngu þarf stífa tvíspennu, en í rennsli hlutfallslega mjúka einspennu. Alhliða skíði eru þess vegna málamiðlun, þau eru ekki frábær við neitt, en nothæf við allt. Þau eru annaðhvort með öfluga einspennu eða litla tvíspennu, bug í meðallagi (12–15mm), og stálkanta.

**Athugið:** Maður getur alveg rennt sér á ferðaskíðum, og það er líka hægt að ganga á rennsliskíðum. Það gekk t.d. maður þvert yfir landið á mjallarskíðum um páskana í ár. Það þarf bara að leggja meira á sig og helst vera betri í skíðagöngu en félaginn. – Í tindaferðum þarf að vísu að ganga, en þá notar maður yfirleitt skinn sem eyðast ekki og renna afleitlega hvernig sem skíðin sjálf eru. Þess vegna skipta göngueiginleikar skíðanna litlu máli í slíkum ferðum. – Orðið „mjallarskíði“ getur verið villandi. Það er ekki bara í lausamjöll sem mjallarskíði eru góð. Mér finnst þau líka best í blautu vorfæri og misjöfnu færi, þegar stundum er hjarn, stundum vindbarinn, mýkri snjór, en stundum sekkur maður í. Mér finnst satt að segja sjálfum stíf brekkuskíði eingöngu njóta sín á hörðu, jöfnu færi, en þetta er auðvitað einstaklingsbundið. – Ef maður á svigskíði, en langar að prófa þelasveiflu, þá er ekkert mál að nota svigskíðin, bara með öðrum bindingum. Það er mun auðveldara en að nota mjó gönguskíði. – Gömul tréskíði geta verið ókeypis, nothæfur kostur (þótt enginn trúi því!). Skíði með mjúka, jafna einspennu og mikinn bug eru góð rennslisskíði, án tillits til efnis. Ekki er þar með sagt að öll tréskíði séu þannig, það verður að meta hver og einn, og ef til vill hefla meiri bug (eins og Sondre Norheim). Vandamálið er að maður verður að fara vel með þau, en ekki nota þau á hörðu færi, þar sem trékantar myndu þá eyðast fljótt.

**Lengd**

Lengd skíða ræðst af því hvort maður ætlar mest að renna sér eða ganga. Stuttum skíðum er auðvelt að sveifla, en löng skíði fljóta betur í lausum



snjó. Þess vegna eru gönguskíði lengri en rennsliskíði – í göngu er mikilvægara að sökkva ekki ofan í snjóinn undir 30 kg herðakistlinum en að geta beygt auðveldlega. Mjallarskíði eru hins vegar sérstaklega stutt, því þau eru ætluð til að beygja í mjöll, þar sem erfitt er að snúa skíðunum. Til að fá flot eru þau í staðinn breiðari.

**Gönguskíði:** Eiga að ná frá gólfi í úlnið þegar maður réttir upp hönd (= líkamshæð + u.p.b. 25sm)

**Rennslisskíði:** Líkamshæð + 20sm (sjálfur vel ég mjallarskíði sem eru bara 15sm lengri en ég, en flestum finnst það stutt).

**Skór**

Framboð göngu- og þelaskóa er jafn fjölbreytt og skíða. Það er til allt frá „skíðasokkum“ upp í „gervilimi“ úr plasti. „Skíðasokkar“ eru ágætir í





Tómas Grønvaldt steypir sér niður af Hátindi Esju.

Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon

jafnvægi, tækni og almenn skíðatilfinning þróast best í lágum skóm. Auðvitað er freistandi fyrir byrjanda að reyna að stytta sér leið – maður skíðar betur í „gervilimunum“ en hjálpartækjulaust, líkt og fatlaður maður sem kemst á kreik við úttekt úr hjálpartækjabankanum. En á þennan hátt missir maður af mikilvægri æfingu og kemst ekki áfram. Menn verða því að yfirvinna fötlun sína, byrja á einföldum búnaði og viðhalda grunninum með því að nota þann búnað reglulega. Þegar yfir fyrsta hjallann er komið geta menn farið út í sérhæfðari þelabúnað. Getan er hinsvegar mikilvægari en búnaðurinn og væri gaman ef umræður sveiflara snérust meira um stíl og tækni en sífellt umfangsmeiri gerfilimi.

## Bindingar

Einungis 75 mm kerfið í skóm og bindingum er nógu sterkt þegar á reynir. Af því tagi eru til tábindingar og gormabindingar. Í Noregi nota flestir tábindingar, en gormabindingar hafa komið mikið í notkun síðustu árin. Ég kys þær sjálfur. Tábindingar eru léttar og auðveldar í notkun með fátt sem getur eyðilagst. Notaðu bara sterkustu gerðirnar. Vandamálið við tábindingar er skósólinn. Hann þarf að vera nokkuð stífur til að gefa góða stjórn, en þá vill táin brotna, því hún fær allt álagið.

Gormabindingar brjóta síður skótána. Herðanlegi vírin gefur mikinn stuðning í rennsli og slaka má á honum til göngu. Ef maður vill góða stjórn, en ekki háa, stífa skó, þá eru gormabindingar til bóta. Ókosturinn við þær er hærri verð og fleiri hlutir, þ.e.a.s. fleira getur týnst eða bilað. Takið alltaf með aukavir í ferðalög.

Öryggisbindingar geta dregið úr meiðslum. Örygginn er fest undir venjulegu bindingarnar og gefa eftir við yfirálag og högg.

Á skíðasvæðum á alltaf að nota öryggisólár, þar eð skíðabremsur vantar á þelabindingar.

## Stafir

Stafir eru ekki mikið mál í þelasveiflu, þar má nota næstum hvað sem er. Í troðnum brekkum eru svigstafir góðir, en í skíðagöngu eru þeir of stuttir og með of litla kringlu. Göngustafir eru heldur langir í þelasveiflunni en má samt nota. Ég þeladi í 10 ár áður en ég keypti lengjanlega stafi. Þeir eru

troðnum brautum, en til að renna sér á eru þeir allt of mjúkir. Til fjalla og við sveifluna á að nota skó með 75 mm tá. Mýkstu skór af þeirri gerð eru algjörir skíðagönguskór, það mjúkir að það er mjög erfitt að beygja með þeim. Hins vegar eru þeir léttir og þægilegir, maður þreytist síður og fær síður hælsæri á göngu. Stífustu skórnir bjóða upp á mjög góða stjórn í erfidum aðstæðum, og eru nothæfir sem fötur, t.d. til að sækja vatn eða geyma súpu í. Þeir eru hentugir á lyftusvæðum og í topptúra þar sem litill aðdragandi er að fjöllumun; t.d. á Eyjafallajökul og Heklu.

Í alhliða notkun þarf að velja skó sem henta jafnt til göngu á flatlendi og skíðunar í brekkum. Stífni skónna miðast því við hvort menn fást meira við brattar brekkur eða flatlendi. Börn og byrjendur mega ekki nota hæstu, stífustu skóna, af því að



besti kosturinn fyrir alhliða skíðamennsku. Í skíðagöngu eiga stafirnir að ná upp í handarkrika, í þelasveflu eiga olnbogarnir að mynda 90 gráðu horn þegar maður grípur stafina.

### Ýmislegt

Það á að nota hnévörn, sérstaklega á Íslandi, þar sem „alltaf“ er hjarn og ís.

Skin eru mjög gagnleg í bröttum toppferðum. Þau eru yfirleitt úr gerfiefni og eru fest með margnota lími undir skíðin þannig að hárin snúa aftur líkt og á snögghærðum hesti. Á tindinum á að taka skinnin af, annars láta skíðin engan veginn að stjórna. Fyrir allmörgum árum sást til hóps úr Flugbjörgunarveitinni í Reykjavík skíða niður Tindfjöllin á skinnunum. Var það víst ófögur sjón og ekki til eftirbreytni.

Notkun á upphækkunum undir bindingar hefur aukist mikið síðustu tvö árin. Með þeim er auðveldara að kanta skíðin og eru þær því ótvíræður kostur í hjarni og hliðarhalla. Sumar upphækkunarir eru með þægilegar hælhækkunarir fyrir göngu upp brekkur. Það eru líka til hælhækkunarir úr plaströri, sem maður festir með teygju undir skóna.

Til eru sérstakar þjalir til að brýna kantana. Miðjan á náttúrulega að vera hvöss, en á endunum er betra að taka úr bitið (20–30sm) til þess að auðveldara verði að beygja.

### Tindaferðir

Þegar þú kannt þelasveflu getur þú gengið víða um fjöll með þægilegan útbúnað og rennt þér í skemmtilegum brekkum. Því miður er þessi alhliða skíðaþrótt ekki hættulaus.

Á Íslandi er meiri snjóflóðahætta en í öðrum löndum vegna veðurfars. Veðrið skiptir oft milli blíðviðris, frosts, hvassviðris og snjókomu, en þá skiptist snjórinn í lög sem grípa illa hvert í annað. Það er alltaf hugsanlegt að snjóflóð falli í brekku sem er brattari en 25°. Þess vegna skaltu alltaf gera snjógryfju (og að sjálfsögðu vita hvað það er og hvernig á að „lesa“ hana) áður en þú rennir þér í brekku sem er brattari en 25°. Snjógryfja á að vera aðgöngumiðinn að svona brekku.

Góður þelari með góðan búnað verður að gæta sín sérstaklega, því hann getur skíðað brekkur sem hann ætti aldrei að koma nálægt.



Vandamálið er að hættulegustu brekkurnar eru oft skemmtilegastar.

Mundu þá: Ekkert gaman í einni brekku er meira virði en lífið. Til byrjanda: 25° er nokkuð bratt. Þú getur rennt þér örugglega og skemmtilega fyrir neðan 25° og í troðnum brekkum. □

### Frekari lesning

Stein Ø. Engell/Østen Gjelsvik: *Svingteknikk paa telemarkski*. Oslo 1992.

Paul Parker: *Freeheel skiing*. London 1988.


### Ábending frá ritnefnd:

Veruleg snjóflóðahætta er í brekkum brattari en 25° og lagskipting í snjónum getur valdið slæmum flekahlaupum í snjóþekju sem virðist föst og traust. Harðir þelamerkursveiflarar verða því að leggja sig eftir snjóflóðafræðum, taka gryfjur og fara ekki spönn frá rassi í brattlendi án heilagrar þrenningar: skóflu, stangar og snjóflóðaylis. Öryggisbindingar eru einnig sjálfsagður búnaður fyrir alla skíðafanta sem skíða bratt og hratt.

Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt lásu yfir grein Eldars og komu að nokkrum innskotum.



# Fjalögöngur í Nepal og Tíbet



Ferðaskrifstofa stúdenta býður úrval spennandi ferða með Encounter Overland um Nepal og Tíbet. Einnig fjölda ævintýraferða á trukkum um torfærur Afríku, Asíu og Suður Ameríku.

H Nýttu þér sveigjanleika KILROY fargjaldanna til að komast á ákvörðunarstað en þau gilda fyrir alla yngri en 26 og námsmenn yngri en 35 ára það gerðu Einar Stefánsson, Björn Ólafsson og Hallgrímur Magnússon!



# EKKI VILLAST



## GPS 40

- ✓ Minnsta grafíska GPS tækið á markaðnum.
- ✓ Aðeins 267 grömm með rafhlöðum.
- ✓ Vatnspétt, góð reynsla í íslenskri veðráttu.
- ✓ Allt að 20 kls. rafhlöðuending.
- ✓ 250 veggpunktar, 20 leiðir með 30 veggpunktum í leið.
- ✓ Plotter með kvarða frá 0,5 - 600 km.
- ✓ Íslenskur leiðarvísir, kennslumyndband og hlífðar taska.
- ✓ Tengjanlegur við DGPS leiðréttingu og PC tölvu.
- ✓ Úrval aukahluta.



**R. SIGMUNDSSON HF.**

SIGLINGA - OG FISKILEITARTÆKI  
TRYGGVAGÖTU 16 101 R. SÍMI: 562 2666, FAX: 562 2140



# Félagsstarf Ísalp

umsjón: Elín S. Sigurðardóttir og Valgeir Ægir Ingólfsson

## Námskeið

### Telemarknámskeið

Norðmaðurinn Eldar Heide heiðraði okkur með nærveru sinni á ofanverðum vetri og bauð klúbbfélögum á Telemarknámskeið (þelánámskeið). Þetta mæltist vel fyrir og var vel sótt, bæði af byrjendum sem og lengra komnum. Það má segja að Eldar hafi verið í leiðbeinanda-hlutverkinu í nokkrar vikur samfleytt, svo vinsælt varð „sportið“.

### Vetrarnámskeið

Námskeiðið tókst vel þótt þátttakendur væru aðeins tveir! Umsjónarmaður var Dagur Halldórsson

### Jöklanámskeið

Það var haldið í byrjun júlí uppi í Kerlingarfjöllum og stóð yfir helgi. Þátttakendur voru þrír og farið var í grundvallaratriði brodda- og ísaxanotkunar. Á sunnudeginum fór „hópurinn“ í gönguferð á Loðmund. Umsjónarmaður var Haraldur Örn Ólafsson.

Eldar hélt Telemark námskeið fyrir félag Ísalp síðastliðinn vetur sem voru afar vel sótt. Íþróttin er tvímælalaust í mikilli sókn hérlandis

Ljósmynd:  
Úr safni Eldars



## Ferðir

Fjöl margar ferðir voru farnar á árinu, þrátt fyrir að einhverjar ferðir féllu niður á árinu vegna veðurs eða þátttökuleysis.

### Múlafjall og Flugugil

Þar sem veður var ekki sem best var ákveðið að fara frekar í Glymsgil. Leiðangursmenn voru fimm og klifruðu þeir tvær leiðir og var önnur reyndar nefnd ÍSALP-leiðin. Fararstjóri var Þorvaldur Þórsson.

### Skíðaferð

Um miðjan mars fóru fimm félagar í mjög svo andlega endurnærandi ferð frá Geysi í Haukadal að Hlöðufelli og þaðan til Laugarvatns. Veðrið var frábært og skíðaferið þökkalegt. Fær Eldar kærar þakkir fyrir góða tilsögn.

### Skafatafell og nágrenni

Um Hvítasunnuhelgina fjölmenntu klúbbfélagar austur í Skafatafell þótt engin skipulögð ferð væri á svæðið. Flestir héldu til á Hnappavöllum þegar



Úr öflugu félagsstarfi Ísalp; frá Hnappavöllum.

Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon





Frá árshátíð Ísalp 1994

Að ofan: Stólakeppnin alræmda er fastur liður og Hörður Magnússon sigraði í ár af miklu harðfylgi.

Fyrir neðan: Tómas, Jón Viðar og Jökull Bergmann ræða málin.

Ljósmyndir: Salbjörg Óskarsdóttir.



þurrt var en þegar sólin vék hurfu menn til annarra athafna s.s. „brúarhopp“ og gönguferða á jökul.

## Klettaklifurmót

Mótið var haldið á Hnappavöllum undir stjórn Björns Baldurssonar, Þórarins Pálssonar og Árna Gunnars Reynissonar. Mótið var vel sótt og mikið klifrað.

Þá var og fjölmennt á Hnappavöllum um Verslunarmannahelgina. Veðrið var upp á sitt besta og þurftu sumir að skrída í skugga yfir hádaginn til að halda vökvamagni líkamans innan eðlilegra marka. Athygli vakti að félagar mættu með börn sín á öllum aldri og mátti greinilega sjá upprennandi klifara klappa klettunum.

## Af skálum og vinnuferðum

Í Bratta voru farnar tvær vinnuferðir á liðnu ári, tveggja manna í bæði skiptin. Var það álit þeirra að skálinn væri í góðu standi. Nýjar dýnur munu gleðja þreytt bök og særða rassa næstu árin og nú er beðið eftir tækifæri til að setja strompinn á þakplötuna. Flugbjörgunar-sveitarmenn úr Reykjavík fóru með kol og gas í skálann og særðu út illa vætti sem fyrir voru. Kann Ísalp þeim bestu þakkir fyrir.

Af Tindfjallaskála er það að segja að hann var tekinn í gegn í tilefni 50 ára afmælis eins og alþjóð veit. Sett var upp gasljós, nýtt þak og skálinn málaður og einnig var reykrör lagað. Síðan hefur verið komið upp eftir birgðum af kolum.

## Skemmtanir

Árshátíðin var fjölmenn að venju, um sextíu manns, og með sama sniði og árshátíðin árinu fyrir; þ.e. með mat á undan. Vegna fjöldans þurfti að keppa í stóladansinum í tveimur riðlum og eftir langa og harða baráttu stóð Hörður Magnússon uppi sem sigurvegari. Umsjónarmaður var Þórarinn Pálsson og honum til aðstoðar þau Salbjörg Óskarsdóttir, Linda Björk Þórdardóttir og Björn Baldursson.

Eiga þau öll þakkir skildar fyrir góða skemmtun og gott skipulag. □



umsjón: Jón Haukur Steingrímsson og Tómas Grønvaldt



Fréttapistillinn spannar tímabilið frá nóvember 1994 til apríl 1995.

## Fjallamennska Útlönd

### Argentína

#### Aconcagua

Þann 13. febrúar flugu Valdimar Harðarson og Guðni Bridde áleiðis til London, þar sem þeir sameinuðust leiðangri frá Himalayan Kingdom á fjallið Aconcagua sem er hæsta fjall Ameríku 6960m.

Þeir lögðu upp frá Mendoza á bílum upp í Puente del Inka sem er gamalt Inka þorp og er í 2200m hæð. Þaðan var þriggja daga göngutúr upp Confluencia dalinn í aðalbúðir sem eru í 4300m hæð. Á göngunni varð Valdimar mjög alvarlega veikur. Eftir læknisskoðun í aðalbúðum varð úr að hann færi niður hið fyrsta en Guðni hélt hins vegar áfram.

Upphaflega stóð til að fara „Pólska jökulinn“ en þegar til kom þá hafði sú leið ekki verið farin í þrjú ár, var þá haldið áfram upp venjulegu leiðina. Úr aðalbúðum ferjuðu þeir búnað í búðir 1 og 2. Eftir það var frí í einn dag en svo haldið áfram og sofð eina nótt í hvorum búðum. Í búðum 2 mættu þeir bandarískum leiðangri sem var að flytja lík eins þeirra niður, en sá lést úr háfjallaveiki. Þar hittu þeir líka tvo Kúbumenn sem ætluðu að slá viðverumet á toppi fjallsins og vera þar í 69 daga. Einhverjir höfðu samt á orði að líklegri væri að þeir ætluðu að vera í 69 daga á ströndinni miðað við búnaðinn sem þeir voru með. Úr búðum 2 var farið með allt í einni ferð í búðir 3 í 5800m hæð. Þann 4. mars, á tólfta degi ferðarinnar, var svo lagt á toppinn, 9 af

13 leiðangursmönnum komust á toppinn eftir um 9 tíma ferð og var Guðni þeirra á meðal.

### Afríka

#### Kilimanjaro

Sigurður O. Sigurðsson og Atli K. Ingimarsson fóru hefðbundna leið, sem ku víst heita Marangu, á fjallið í febrúar síðastliðnum.

### Mt. Kenya

Helgi Benediktsson var í Afríku í byrjun árs 1995. Hann notaði tækifærið og gekk á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro (5896m). Eftir það snéri hann sér að öllu torsóttara verkefni eða Mt. Kenya sem er 5188m hátt. Hann mun vera fyrstur Íslendinga til þess. Það tók um tvo daga að ganga í efsta skálann í 4750m hæð. Sama kvöld og komið var í skálann gekk Helgi á einn af tindunum, Point Lenana, 4985m en Mt. Kenya er eldfjall og eru tindar þess gamlir gígtaappar. Daginn eftir kleif



Mt. Kenya. Ljóm.: Helgi Benediktsson.

Til vinstri: Aconcagua.  
Ljóm.: Valdimar Harðarson  
Til hægri: Einar Stefánsson  
drygindalegur að vanda  
ásamt Guðna Bridde við  
Hrútárjökul,  
Þverártindsegg í baksýn.  
Ljóm.: Valdimar Harðarson



Helgi svo hæsta gígtaappann Nelion við fjórða mann. Klifið var að sudaustan-verðu. Leiðin sem þeir fóru var 500m löng, í góðu bergi, mjög brött og gráðuð IV í erfidustu köflunum. Eftir 18 spannrir og 6 tíma klifur var toppnum náð, þar sem þeir sóluðu sig í 2 tíma og sigu svo niður.

### Bandaríkin

Hallgrímur Magnússon dvaldi um nokkurra vikna skeið hjá Guðmundi Helga Christensen og Jórinni Harðardóttur í Colorado síðasta vetur; sjá aftast í Fréttapistli.

### Ísland

#### Suðausturland

#### Hrútárjökull í Örfæjökli

Í marsmánuði síðastliðnum fóru Valdimar Harðarson, Guðni Bridde, Birgir Hauksson og Einar Stefánsson upp Hrútárjökul og þaðan eftir hrygg á milli Hrútárjökuls og Fjallsjökuls á Sveinstind. Tók ferðin upp jökulinn um 10 klukkutíma. Frá Sveinstindi héldu þeir síðan





Úr Heljargnípu, Esjufjöll í baksýn.  
Ljósmynd: Jón Haukur

yfir á Hvannadalshnúk, þar sem þeir sváfu á toppnum. Þeir fóru loks niður Skaftafellsjökul eftir að hafa komið við á Hrútsfjallstindum.

## Heljargnípa

Um síðustu páska fóru Jón Haukur Steingrímsson og Guðni Bridde, í annað sinn, leiðina frá 1985. Lítil ís var í leiðinni sem var klifruð á „hlaupandi“ tryggingum.

Þeir fóru á skíðum upp Breiðamerkurjökul en tóku þau ekki með á þennan 500 til 600m langa hrygg. Klifrið gekk hratt og vel (um þrír tímar) og þótti hið skemmtilegasta.

## Suðurland

Á fjallamennskunámskeiði sem haldið var undir Eyjafjöllum og í Fljótshlíðinni á vegum Landsbjargar, voru farnar þrjár leiðir. Þær eru allar beint upp af þar sem er minnisvarði Guðbjargar Þorleifsdóttur (í grennd við Múlakot). Allar leiðirnar voru um 50m langar, ein af 4. gráðu en tvær af 3. gráðu.

## Eyjafjöll, Suðurhlíðar

### Dreitill þráðbeinn

Klifrað er eftir leið Páls Sveinssonar og Guðmundar Helga fyrstu tvær spanningar en í þriðju spönn er klifrað beint upp í stað þess að hliðra til hægri. Leiðin er 120m og 5. gr. FF: Dagur Halldórsson og Kjartan Þorbjörnsson, 29. janúar 1995.

### Paradísarheimt

Klifrað var enn eitt afbrigðið, nú lengst til vinstri. Leiðin er svipuð edlis og hinar. Mikil bleyta var í byrjun annarrar spannar og enginn ís á síðustu 15m sem eru klifraðir í bratttri grasbrekku. Leiðin er 120m og 4. gráða. Það voru þeir Magnús Gunnarsson, Karl Ingólfsson og Páll Sveinsson sem fóru hana.

## Eyjafjöll, Norðurhlíðar

### Partý

Í einum af fjölmörgum gilskorningum Eyjafjalla, vestan við Grýttutind, leynist hár ísfoss. Hann er breiður neðst en

endar í bröttu kerti með hengju efst. Leiðin er 80m, 4.-5. gráða. FF: Dagur Halldórsson, Viðar Hauksson og Leifur Örn Svavarsson, 11. febrúar 1995.


### Stakkur

Sunnan megin í Stakkholtsgjá er mjótt ískerti. Þetta er eitt af þeim fáu sem nær alveg niður af þeim óteljandi sem hanga í klettaveggjum víða í gjánni. Leiðin er 50m og 4.-5. gr. FF: Dagur Halldórsson og Viðar Hauksson, 11. mars 1995.

## Suðvesturland

### Eilífsdalur

Þilið var klifið 10. desember af eftirtöldum: Viðar Hauksson og Dagur Halldórsson, Björn Ólafsson, Páll Sveinsson og Hallgrímur Magnússon, Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem leiðin er farin síðan Páll og Guðmundur Helgi fóru hana. Fyrstu tvær spanningar voru klifraðar eins og í



Ofan: Páll formaður, Greenpeace í baksýn.  
Ljósmynd Hallgrímur Magnússon

T.h.: Páll Sveinsson í fjórðu spönn ofan við Hval 3 í Glymsgli.

Ljósmynd: Hallgrímur Magnússon





fyrstu uppfærð. Aðstæður voru öðruvísi í síðustu spönn og voru farin tvö afbrigði, sitthvora megin við upprunalegu leiðina.

## Búahamrar

### Nálapúðinn

Lítill skora, um 10m frá Nálarauganu. Leiðin er blönduð; byrjað er í klettum, ís er um miðbikið og endað er í klettum. En þetta er sjálfsagt misjafnt eftir árferði. Leiðin er 70m og 4. gr. FF.: Jón Haukur Steingrímsson og Þorbergur Högnason, 25. desember 1994.

### Flugugil

#### Óríon

Óríon var farinn 20. nóvember. Þá hafði verið frost í tvær vikur. Ísinn var kertaður og harður sem gler. Fossinn hefur ekki verið klifraður áður svo snemma á tímabilinu. Parna voru á ferðinni: Páll Sveinsson, Tómas Grønvaldt, Karl Ingólfsson, Hörður Magnússon og Björn Ólafsson. Dagur Halldórsson og Kjartan Þorbjörnsson klifruðu Óríon degi síðar.

### Brynjudalur

#### Snati

Nokkru fyrir innan Ingunnarstaði er brattur ísfoss. Eru fyrstu 15m lausir frá klettunum. Ísklifrarar landsins hafa fylgst grannt með fossinum síðustu ár en ekki hefur færi gefist. Þó klifraði Einar Stefánsson hálfan fossinn árið 1991. Þann 22. janúar fjölmenntu undanfarar HSSR í fossinn sem hrundi svo nokkrum dögum seinna. Ekki fer sögum af hlákutíð heldur hlussugangi Reykvikinga. Leiðin er 40m og 4.-5. gr. FF.: Dagur Halldórsson og Kjartan Þorbjörnsson, 21. janúar 1995.

#### Seppi

Kerti við hliðina á Trýnu, leið þeirra Jóns Hauks og Guðna. 50m og 4. gr. FF.: Björn Ólafsson, Einar Stefánsson, Páll Sveinsson, Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt, 22. janúar.

#### Karíus

Leiðin er fyrir innan Ingunnarstaði en fyrir vestan Snata. Hún byrjar í bröttum fossi og þá kemur íslaus kafli sem krækt er fyrir. Til að komast út á ísinn aftur varð að bora sér út um holu á milli kerta sem stóðu út yfir. Nýtt hugtak er að myndast í hugum margra ísklifrara um svona leiðir; „sportísklifur“, þar sem stuttar en mjög erfiðar leiðir eru farnar.

Glymsgil, norðurveggur.

Hvalur 2 og 3.

Ljósmynd: Páll Sveinsson

Leiðin er 50m og 5. gr. FF.: Páll Sveinsson, Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt, 4. febrúar 1995.

### Glymsgil

Síðasta vetur fjölgaði leiðum í Glymsgili verulega. Mjög góðar aðstæður voru í gílinu þar sem áin var ísilögð um langt skeið og því auðvelt að komast inn í gilið.

### Glymsgil, norðurveggur

Litlu kertin þrjú sem eru ofan við aðalvegginn í hvelvingunni ofan við Hval 1, 2 og 3:

*Þorsti*, vestasta kertið. 30m, 4. gr. FF.: Dagur Halldórsson og Viðar Hauksson, 31. desember 1994.

*Garri*, miðkertið. 20m, 4. gr. FF.: Dagur og Viðar, 26. desember 1994.


*Svali*, hægra kertið. 20m, 4. gr. FF.: Dagur og Viðar, 11. janúar 1995.

*Krókurinn*, auðveldur foss í tveimur stöllum framarlega í gílinu norðan megin, rétt innan við fyrstu beygjuna. 60m, 3.+ gr. FF.: Tómas Grønvaldt, Geir Gunnarsson og Þorvaldur Þórsson, 5. mars 1994.

*Hvalur 1*, létt snjóbrölt að 50m háum fossi. 100m, 4.-5. gr. FF.: Dagur og Viðar, 17. febrúar.

*Hvalur 2*, leiðin liggur beint upp á stóru kerti sem nær upp að brún. 100m, 4. gr. FF.: Þorvaldur Þórsson og Páll Sveinsson, 18. febrúar 1995.

*Hvalur 3*, leiðin er þægilegt brölt upp ca. 50m að mjög glæsilegu kerti eða vegg eftir því hvernig á það er litið. Þess má einnig geta að Páll og Hallgrímur skáru „Fifi“ krókana úr beltunum hjá sér síðasta vetur. 100m 5. gr. FF.: Hallgrímur Magnússon og Páll Sveinsson, 15. febrúar 1995.



### Þrymur

Bein renna innst í gílinu við hlið Glyms. Leiðin er jafn löng og upprunalega leiðin upp Glym. Mikill skari er í fyrstu tveim spönnunum, annars er leiðin mjög samfelld og með lélegum stönsum. 170m, 5. gr. og 4 1/2 spönn. FF.: Jón H. Steingrímsson og Guðmundur Tómasson, 24. febrúar 1995.

### Glymur, afbrigði

Mánaðarmótin feb./mars var klifrað afbrigði af upprunalegri leið Páls og félaga: Fyrstu tvær spennirnar eru eins, en síðan er hliðrað til hægri u.þ.b. 30m og þaðan beint upp. 200m, 5. gr., 5 spennir. FF.: Dagur Halldórsson og Karl Ingólfsson.

### Glymur, allur

Skömmu síðar var allur fossinn klifinn fyrsta sinni: Gengið er lengra til hægri inn í gilið og klifrað beint upp. Eftir u.þ.b. þrjár spennir sameinast leiðin afbrigði Karls og Dags. 200m, 5. gr., 5 spennir. FF.: Hallgrímur og Hörður Magnússynir og Tómas Grønvaldt.





Til vinstri: Glymsgil, Hvalur 2, rétt fyrir neðan miðja mynd má sjá mann klifra fossinn.

Fyrir ofan: Páll Sveinsson í Greenpeace.

Úr safni Páls Sveinssonar

Björn Ólafsson og Páll Sveinsson fóru þessa leið skömmu síðar.

## Glymsgil, suðurvegur

### Laumusgil

Neðsta leiðin í aðalvegnum. Hún hefst á íslausu eða íslitlu hafti sem er um 15m á hæð, þaðan er snjóbrekka yfir að frihangandi kerti neðst í 50m háum ífossi. Leiðin er 100m og 5. gr. FF.: Dagur Halldórsson og Viðar Hauksson, 24. febrúar 1995.

### Greenpeace

Leiðin byrjar í 20m langri snjóbrekku sem leiðir að 5m háu íslausu klettahafti með þaki.

Þaðan er önnur 20m snjóbrekka að 60m háum lóðréttum ískafla. Leiðin er 100m, 5. gr. og 2 spannr. FF.: Páll Sveinsson og Hallgrímur Magnússon, 19. febrúar 1995.

### Sea Shepherd

Leiðin byrjar í íshafti, þá snjóbrekku sem leiðir að klettahafti, um 15m háu, og þaðan eru 50m í ís að 10m háu kerti. 100m, 5. gr. FF.: Dagur Halldórsson og Viðar Hauksson, 25. febrúar 1995.

### Ísalp-leiðin

Ísstallar með lóðréttum höftum. Lóng hliðrun eftir syllu í miðjum vegg til að klára leiðina gerir hana var hugaverða fyrir byrjendur. 4.-5. gr. FF.: Þorvaldur

Þórsson, Árni Albertsson og Ólafur V. Birgisson, 4. mars 1995.

## Norðurland

### Kaldakinn

Drífa, byrjað á bröttum foss í fyrstu spönn, þá koma tvær aflíðandi spannr eftir snjó og ísfláum. Síðasta og erfiðasta spönnin er í bröttum fossi. 4 spannr, 4.-5. gráða. FF.: Karl Ingólfsson, Tómas Grønvaldt og Hallgrímur Magnússon, desember 1994.

Sólhvörf, leiðin er syðst í klettunum. Leiðin er 4. gráða og 3. spannr. FF.: Karl Ingólfsson og Jóhann Kjartansson, desember 1994.





Björn Ólafsson þrjámast niður í Seyðisfjörð. Ljósmynd: Hörður Magnússon  
Fyrir neðan: Hallgrímur „gluðar“ niður sömu brekkur. Ljósmynd: Tómas Grønvaldt

Reki, er nyrðst á klifursvæðinu og mun vera einfaldur og brattur ísfoss. Leiðin er 60m og 4. gráða. FF.: Karl Ingólfsson, Tómas Grønvaldt, Sigurður Sæmundsson og Jóhann Kjartansson.

## Austurland

### Austfjarðapokan

Félagar úr Hjalparsveit skáta í Reykjavík gerðu víðreist á skiðum um Austurland um síðustu páska. Hér fylgir með í fréttapistlinum örstutt ferðasaga.

Karl Ingólfsson hafði haft hátt um veturinn og hnussaði í honum yfir steingeldum páskaferðum í Öræfin. Það væri nú kominn tími til að horfa í kringum sig og reyna að gera eitthvað annað. Helst væri að virkja telemarkáhuga félaganna, fá bíl og bílstjóra og gera eitthvað sniðugt á fjarlægari slóðum, til dæmis á Austfjörðum.

Karli til undrunar og nokkurrar armæðu var hann tekinn á orðinu og skipaður fararstjóri í páskaferð að eigin vali. Hug-

myndin var að þræða Austfirðina frá norðri til suðurs og fara á telemark-skiðum yfir fjallgarðana eins bratt og þor og geta á skiðum leyfði. Billinn átti að koma mönnum á brottfararstað og ná svo í þá, vonandi í næsta eða þar-næsta firði. Gistingu átti að fá hjá góð-hjörtuðum Austfirðingum og tíminn einn að takmarka hversu langt í suður komist yrði.

Fljótlega var samt ákveðið að einir páskar dygðu skammt og var því teygð úr leiðangrinum sem standa skyldi í 10 daga, frá skírdegi til laugardags eftir páska. Tekið var til óspilltra málanna við undirbúning. Hresst var uppá búnaðinn fyrir löng átök, haft samband við staðkunnuga fyrir austan og allar heimildir lesnar, auk þess sem allar birgðir Landmælinga af nothæfum kortum voru þurrkaðar upp. Einnig var þægindastuðull Man bífreidar HSSR hækkaður verulega.

Á Skírdag lagði svo hópurinn af stað, 15 manns, Manbífreid og kerra. Leiðangur-







Úr grjótnámu Reykjavíkurborgar í Seljadal. Ljósmynd: Dagur Halldórsson.

inn gekk eins og í sögu þrátt fyrir rysjótt veður um miðbikið. Farið var frá Fljótsdalshéraði um dýrnar í Dyrfjölum og í Borgarfjörð. Þessi leið reyndist ekki eins erfið á telemörkunum og hrakspár höfðu gert ráð fyrir. Þaðan var haldið á einum degi til Seyðisfjarðar, yfir Kækju-skörð og Hjálmarðalsheiði með viðkomu í Løðmundarfirði. Svo var farið yfir Hólmeyjartind við Eskifjörð og Sóleyjar-skard milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Mjóifjörður varð að biða vegna veðurs.

Skíðasvæði Austfirðinga voru skoðuð eina tvo dagsparta á meðan veðurs var beðið en svo gáfust borgarúarnir upp og hörfuðu suður á bóginn. Farið var yfir skörð á milli Breiddalsvíkur og Stöðvarfjarðar á leiðinni í góða veðrið. Þar voru Kálfafellsfjöll (Birmudalstindur) tekin með trompi einn daginn svo og Jökulgilstindar í Lóni annan daginn. Á heimleiðinni var svo skíðað af Hnóppunum í Örafajökli. Þar með luku Reykvíkingar stórkostlegum leidangri og sönnuðu rækilega að það eru víðar fjöll en í Skaftafelli um páska.

## Grímur í Fyrirheitnalandinu

Í janúarmánuði lagðist Hallgrímur Magnússon út og heimsótti félagar sinn Guðmund Helga í Fyrirheitnalandið; lesist USA.

Saman klifruðu þeir félagar allnokkrar leiðir í Utah og Colorado. Umhverfis Boulder, heimabæ þeirra Helga og Jórunnar, klifruðu þeir nokkrar leiðir í heimatilbúnum fossum í Boulder Canyon og eina leið (5.9 ísklifur) í Eldorado. Í Rocky Mountain National Park klifruðu þeir m.a.:

*All mixed up*, fjögurra spanna blandaða leið í fjalli er nefnist Thatchtop (4-5), *Alexanders zimnai* einnig fjögurra spanna blandaða klifurleið í hæsta fjalli Rocky Mountain National Park; Longs peak (4), ísfoss sem er nefndur the *Squid*, tveggja spanna leið (5+).

Einnig klifruðu þeir nokkrar leiðir ofan við vatnið The Loch. Jórunn slóst með í för einn dag og kynnti þeim ísklifurörtröð að hætti Bandaríkjamanna við *Hidden Falls*.

Í Fjallgarði er nefnist San Juan syðst í Colorado er eitt af betri ísklifursvæðum í Bandaríkjunum. Þar dvöldu þeir í

gömlum námubæ er nefnist Ourai. Þar voru aðstæður ekki ákjósanlegar til ísklifurs. Leiðir voru þunnar og mikil snjóflóðahætta. Helsta svæðið var Box Canyon, gil sem liggur í gegnum bæinn. Þar klifruðu þeir á annan tug 40-50m ísleða (4.-5. gr.).

Í næsta bæ sem nefnist Telluride klifruðu þeir blandaða leið sem er nefnd *Aimish Ice Hose*. Hún er yfir 200m og við þær aðstæður sem hún var klifin, er hún varlega áætluð 6. gr. í ís. Einnig klifu þeir hinn fræga ísfoss *Breidalveil* (fyrsta 5+ ísleið sem klifin var í Bandaríkjunum (1974)). Fossinn er fall úr gamalli virkjun ofan við bæinn og er á einkalandi. Allt klifur er þar bannað og lentu þeir félagar í nokkrum vandræðum vegna þess.


Við skíðabæinn Vail klifruðu þeir m.a. ísfossana *Designator* (5) og *Little Thang* (5, M6). Í klettaklifri klifu þeir *Castelton Tower* sem er ein af sandsteinsspírurum í Utah og leiðir í Eldorado Canyon við Boulder.

Þess má geta að ekki fer neinum sögum af öðrum klifurum sem klifu The *Squid* og *Aimish Ice Hose* þennan veturinn. □



The Squid. Ljósmynd: Úr safni Hallgríms Magnússonar





Hallgrímur Magnússon  
heimsótti Guðmund Helga  
Christensen í USA (sjá fréttu  
apistil) klifruðu þeir m.a.  
Amsih Ice hose, t.v

Litla myndin er tekin úr  
sömu ferð.

Ljósmyndir: Úr safni  
Hallgríms





# Skýrsla stjórnar Ísalp 1994



Stjórn Ísalp 1995:

Fremri röð f.v.:

Katrín Oddsdóttir,

Páll Sveinsson og

Elín S. Sigurðardóttir,

aftari röð f.v.:

Árni Gunnar Reynisson,

Jón Þorgrímsson og

Ingimundur Stefánsson.

Á myndina vantar Pétur Ásbjörnsson.

Ljós.: Hörður Magnússon

## Stjórn

Stjórn ÍSALP 1994 skipuðu eftirtalin: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Páll Sveinsson varaformaður, Ingimundur Stefánsson gjaldkeri, Linda Björk Þórðardóttir ritari og Árni Gunnar Reynisson, Elín S. Sigurðardóttir og Jón Þorgrímsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt 12 fundi á árinu.

## Skálar

Miklar framkvæmdir voru í Tindfjölum á árinu enda 50 ár liðin frá byggingu hans. Voru farnar þrjár vinnuferðir síðastliðið sumar og sérstök afmælisferð í september. Skipt var um þak á húsinu, komið fyrir nýju reykri og reykþáf og fast gasljós sett upp inni. Húsið var málad að utan og þrifið vandlega að innan. Er það nú í góðu ásigkomulagi og ætti þessi elsti fjallamannaskáli landsins að geta þjónað hlutverki sínu í mörg ár til viðbótar. Umsjónarmaður Tindfjallaskála og yfirmsiður framkvæmdanna var Guttormur B. Þórarinnson en mikið munaði einnig um þátt smiðanna Jóns Rafnssonar og Páls Karlssonar.

Farnar voru fjórar vinnuferðir í Bratta á árinu. Var ýmislegt smálegt lagfært og farið var með nýtt reykri í kabyssuna

auk kola og uppkveikjuviðar. Jón Þorgrímsson er umsjónarmaður Bratta.

## Ferðir

Farnar voru 10 skemmtiferðir með alls 85 þátttakendum. Fjölmenust var afmælisferðin í Tindfjöll en í henni tóku 32 þátt. Tókst hún mjög vel. Þar var flaggað, grillað og drukkið afmæliskaffi. Komst ferðin m.a. í fréttir Stöðvar 2 og var það ágæt auglýsing fyrir klúbbinn.

Aðrar ferðir voru fámennari og í sumum þeirra voru aðeins tveir eða þrír þátttakendur. Ferðanefndin sá um gerð dagskrár. Formaður hennar fyrri hluta ársins var Linda Björk Þórðardóttir seinni hluta árs Þórarinn Pálsson.

## Námskeið

Fimm námskeið voru haldin á árinu.

Í febrúar var haldið vetrarnámskeið, námskeið í þelamerkursveflu í mars, klettannámskeið í maí, ísklifurnámskeið í september og námskeið í félagabjörgun í nóvember. Þátttaka á námskeiðunum var misjöfn, fámennast var félagabjörgunarnámskeiðið (tveir) en flestir voru á þelamerkursnámskeiðinu, en það sóttu sextán manns.

## Félagsheimilið

Hér í Mörkinni var unnið að frekari uppbyggingu aðstöðu. Bókasafnið var tekið í gegn og endurskipulagt auk þess sem nokkuð var keypt af nýjum bókum. Nýjum myndböndum var bætt við myndbandasafnið en það hefur notið vaxandi hylli félagsmanna. Þá var keypt kortamappa hjá Landmælingum Íslands með tæplega 30 kortum í mælikvarðanum 1:50.000 af fjallasvæðum á Íslandi. Einnig var keypt ný sýningarvél fyrir litskyggnur í stað þeirrar gömlu.

Opin hús voru flest miðvikudagskvöld. Aðeins var lokað kringum jól og áramót. Var að vanda haldið uppi fjölbreyttri dagskrá með myndasýningum og umræðufundum. Ferðanefndin sá um gerð dagskrár fyrir opnu húsin

Síðastliðið haust hófst sjoppurekstur á ný eftir nokkuð hlé. Mælist hann vel fyrir. Skráningar í gestabók á opnum húsum voru um 600, svipað og árið áður.

Árshátið var haldin í febrúar og var tekin upp sú nýbreytni að selja aðgöngu-miða fyrirfram og hafa borðhald. Tókst þetta með ágætum og voru 40 manns í borðhaldinu en þegar leið á kvöldið fjölgaði og voru þátttakendur 60 þegar mest var. Jólaglögg var haldið í desem-



ber, með hefðbundnu sniði. Var það einnig mjög vel sótt.

### Útgáfan

Ársrit ÍSALP 1993 kom út í mars og Ársrit 1994 var unnið á árinu. Var það prentað milli jóla og nýjárs og barst félögunum nú uppúr áramótunum. Staða næsta ársrits er mun betri en áður hefur verið því vinna við 1995 ritið er vel á veg komin, nokkuð mun þegar vera til af fullbúnu efni og annað er í vinnslu. Telja ritnefndarmenn að ársrit 1995 ætti að geta komið út kringum mitt ár. Mikil umskipti eru því að eiga sér stað og á ritnefnd þakkar skildar fyrir sitt ötulna starf. Ábyrgðarmaður ársritsins er Torfi Hjaltonson. Fréttabréfið kom út 5 sinnum á árinu. Ritstjóri fréttabréfsins fyrri hluta árs var Linda Björk Þórðardóttir en í haust tók Elín Sigurðardóttir við.

### Félagatal

Skráðir félagar um síðustu áramót voru 300 og hefur þeim því fækkað um 14 frá fyrra ári. Eins og í fyrra voru allmargir strikaðir út af félagsskrá vegna vanskila en á móti bættist við talsvert af nýjum félögum. Gíróseðlar vegna árgjalda 1994 voru sendir út í nóvember.

### Alþjóðleg samskipti

Samskipti við útlönd voru nokkur á árinu, mest gegnum UIAA. Skal þar fyrst nefna þátttöku Björns Baldurssonar á heimsbikarmóti í sportklifri í apríl. Mótið fór fram í Vilach í Austurríki og er þetta í fyrsta skipti sem Íslendingur tekur þátt í þessari keppni.

Í nóvember sóttu Torfi Hjaltonson og Guðmundur Pétursson fund UIAA um þjálfun sjálfbodaliða í fararstjórn. Var fundurinn hinn fröðlegasti að sögn. Ferð þeirra félaga var Alpaklúbbnum að kostnaðarlausu en Ferðafélagið veitti Torfa styrk fyrir hluta fargjalds. Kom það til af áhuga Ferðafélagsins á málinu en fararstjórn í ferðum þess er unnin af sjálfbodaliðum.

Nokkur umræða hefur verið innan stjórnar um þátttöku ÍSALP í UIAA en

árgjöldin þar hafa hækkað og nema nú um 50.000kr. Þykir mörgum þetta vera í hæsta lagi miðað við ávinninginn. Engin ákvörðun hefur verið tekin en þó talið að sérstök fjármögnun verði að koma til ef félagið á að halda áfram veru sinni í þessum alþjóðasamtökum.

Síðastliðið haust skrifuðu tveir stjórnarmenn kynningargrein um möguleika á klifri og fjallamennsku á Íslandi í jólahefti norska tímaritsins Breposten. Var þetta gert að beiðni ritstjórans en ritið er málagn Breppa, deildar fjallamanna innan Norska Ferðafélagsins. Eins og undanfarin ár barst Alpaklúbbnum fjöldi bréfa erlendis frá, aðallega frá fólki sem hyggur á Íslandsferð, með margháttaðum fyrirspurnum um hvaðeina sem snertir klifur og fjallamennsku á Íslandi. Hefur stjórnin reynt eftir mætti að svara þessum bréfum.

### Önnur mál

Klifurkeppni var haldin á sumardaginn fyrsta í húsnæði Fiskakletts og var hún með sama sniði og undanfarin ár. Tókst hún með ágætum en mótsstjóri var Páll Sveinsson.

Nokkuð hefur verið rætt um að bæta þurfi aðstöðu klifrara á Hnappavöllum svo ekki verði spillt þar tjaldsvæðum og klettum með slæmri umgengi. Með það fyrir augum samþykktu bændur á Hnappavöllum að reistur verði kamar á svæðinu. Er stefnt að því að koma honum upp næsta vor.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim fjölmörgu sem unnu fyrir klúbbinn í nefndum, ferðum, á opnum húsum, námskeiðum og skemmtunum, fyrir þeirra framlag.


Stjórn Ísalp ☐









Enn er von. Ljósmynd: Elín S. Sigurðardóttir




Stefán S. Smáráson í Rose de Sables 7a í Boux.  
Ljósmynd: Árni Gunnar



Árni Gunnar Reynisson kyrpingslegur í leiðinni Oxygéne 7c+ í Volx.  
Ljósmynd: Leifur Örn Svavarsson







Björn Baldursson í Canal (Orgon), suður-Frakkland.  
Ljósmynd: Þórarinn Pálsson



Björn Baldursson klifrar You can do it baby 7c+.  
Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson





## LÖG ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSSINS

### 1. grein

Félagið heitir Íslenski Alpaklúbburinn og er skammstafað ÍSALP. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Markmið félagsins er að efla áhuga manna á fjallamennsku.

### 2. grein

Félagar geta þeir orðið sem náð hafa 16 ára aldri. Atkvæðisbærir og kjörgengir eru þeir einir sem greitt hafa árgjald síðastliðins árs en aðalfundur ákveður upphæð þess.

### 3. grein

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður og sex meðstjórnendur og skiptir hún með sér verkum. Kosning fer fram á aðalfundi með bundinni kosningu og einföldum meirihluta atkvæða. *Kjörtímabil formanns og fjögurra meðstjórnenda er tvö ár en tveggja meðstjórnenda eitt ár. Af þeim meðstjórnendum sem kosnir eru til tveggja ára ganga tveir úr stjórn annað árið en hitt árið hinir tveir. Formaður skal ekki sitja lengur en 6 ár samfelld.* Stjórnin heldur stjórnarfundum ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og sem fyrst eftir aðalfund. Á þeim fundi skal stjórnin kjósa sér til eins árs ritara, gjaldkera og varaformann. Stjórnarfundur er lögmaður ef fjórir stjórnarmenn eru mættir. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns. Stjórnin boðar til félagsfunda eftir þörfum. Óski minnst 20% félagsmanna eftir fundi skal stjórnin boða til hans á sama hátt og til aðalfundar. Stjórnin getur skipað nefndir svo sem: Ferðanefnd, fundanefnd og ritnefnd.

### 4. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins og skal halda hann í febrúar ár hvert. Til hans skal boða með minnst hálfs mánaðar fyrirvara og telst hann löglegur ef löglega er boðað til hans. Á fundinum gilda almenn fundarsköp og ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála. Verkefni aðalfundar eru:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar síðasta árs.
- c) Lagabreytingar.
- d) Kjör stjórnar og skal kjósa formann sérstaklega.
- e) Kjör þriggjamanna uppstillingarnefndar og skal kjósa formann sérstaklega.
- f) Kjör endurskoðenda.
- g) Önnur mál. Lagabreytingar sem leggjast skulu fyrir aðalfund þurfa að hafa borist stjórninni fyrir 10. janúar. Tillögurnar skal senda út með fundarboði. Hlutverk uppstillingarnefndar er að tryggja að framboð berist í öll þau embætti sem kosið er um á aðalfundi. Heimilt er eftir sem áður að stinga upp á mönnum á aðalfundi.

### 5. grein

Eigi má slíta félaginu nema það sé samþykkt á tveimur félagsfundum, sem boðað er til á sama hátt og til aðalfundar og haldnir eru með minnst mánaðar millibili, enda hafi fundarefnis verið getið í fundarboði.

Leysist Alpaklúbburinn upp og hætti starfsemi skulu allar eignir hans, lausa- og fastafjármunir fengnir Ferðafélagi Íslands til vörslu og umsjónar, þar til Alpaklúbburinn verður endurvakinn eða annað félag með sama markmiði stofnað. Skal Ferðafélagið fá hinu nýja félagi eignirnar í hendur er það óskar þess.



## Ársreikningur ÍSALP 1994

### Rekstrarreikningur

#### Gjöld

|                             |             |
|-----------------------------|-------------|
| Ársrit 1993                 | 281.857     |
| Ársrit 1994                 | 37.766      |
| Fréttabréf                  | 67.181      |
| Rekstur Tindfjallaskála     | 45.685      |
| Rekstur Bratta              | 13.754      |
| Innheimtukostnaður v. árgj. | 37.270      |
| Áskrift tímarita            | 28.321      |
| Skemmtanir                  | -7.816      |
| Landakort                   | 34.430      |
| Bókasafn                    | 32.178      |
| Litskyggnuvél               | 17.991      |
| Virðisaukaskattur           | 50.237      |
| Sími, stofnk. tæki, afn.gj. | 33.550      |
| Aðildargjald UIAA           | 53.154      |
| Leiðarvísar og leiðaspjöld  | 16.059      |
| Annar kostnaður             | 39.987      |
| <br>Gjöld alls              | <br>781.604 |
| Tekjur umfram gjöld         | 64.347      |
| Samtals                     | 845.951     |

#### Tekjur

|                                  |             |
|----------------------------------|-------------|
| Félagsgjöld 1992 (1)             | 2.600       |
| Félagsgjöld 1993 (165.5)         | 433.444     |
| Félagsgjöld 1994 (54)            | 147.150     |
| Auglýsingatekjur Ársrits 1993    | 177.926     |
| Skemmtanir                       | 24.160      |
| Gistigjöld Tindfjallaskáli       | 13.000      |
| Sala leiðarvísar og leiðaspjalda | 24.400      |
| Sala ársrita                     | 900         |
| Vextir                           | 5.771       |
| Myndbandasjóður                  | 2.100       |
| Gistigjöld Bratti                | 14.500      |
| <br>Tekjur alls                  | <br>845.951 |
| Samtals                          | 845.951     |

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

|                            |          |
|----------------------------|----------|
| Ávísanarreikningur 1371 Lí | 140.545  |
| Gíróreikningur             | 150.195  |
| Kjörbók                    | 104.542  |
| Bratti                     | 400.241  |
| Litskyggnuvélar            | 20.991   |
| Sjónvarp                   | 5.000    |
| Myndbandstæki              | 5.000    |
| Bókasafn                   | 102.272  |
| Húsgögn                    | 83.435   |
| Útvarpstæki                | 8.600    |
| Landakort                  | 34.430   |
| Skuldunautar               | 98.534   |
| Samtals                    | 1153.785 |

#### Skuldir

|                    |              |
|--------------------|--------------|
| Höfuðstóll         | 1089.438     |
| Tekjur umfr. gjöld | 64.347       |
| <br>Samtals        | <br>1153.785 |

Reikningar lagðir fram á aðalfundi 1995





# Íslenskur sigur á Cho Oyu!

Þann 2. október síðastliðinn klifu þrír Íslendingar, þeir Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon, hátind fjallsins Cho Oyu í Himalaya-fjallgarðinum. Cho Oyu er 8201 m hátt og hæsta fjall sem nokkur Íslendingur hefur klifið til þessa.



Að baki þessum frábæra árangri liggur árálöng þjálfun og undirbúningur sem að miklu leyti er fólgin í að prófa og velja útbúnað til slíkrar ferðar, þar með talinn fatnað, sem þarf að uppfylla ströngustu skilyrði.

Þess vegna völdu þeir Björn, Einar og Hallgrímur allan sinn útbúnað hjá Skátabúðinni, þ.á.m North-Face og Phoenix fatnað og Karrimor bakpoka. Er hægt að hugsa sér betri meðmæli?

Það er sama hvort takmarkið er Esjan eða Cho Oyu – Ferðin hefst í Skátabúðinni.



**SKÁTABÚÐIN**  
-SKARAR FRAMÚR

Sími 561 2045

**KARRIMOR**



**PHOENIX**

